DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið Prentgripur 1041 0858

Nr. 2529 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 18. desember 2019

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Sannkölluð jólastemning var í Hallskoti sl. helgi. Ekki skemmdi veðrið fyrir, bjart og stillt. Gestum var boðið upp á kaffi og kakó ásamt piparkökum. Þá mátti gera góð kaup á markaðnum, hitta jólasveina og skella sér í ratleik. -gpp

Kerhólsskóli heimsækir Sólheima

Það var skemmtileg heimsókn sem nemendur skólans fóru í miðvikudaginn 4. desember þegar haldið var á Sólheima og kveikt á jólatrénu þar í Grænu könnunni og dansað í kringum jólatréð. Áður en það gerðist sungu nemendur lög úr Ronju Ræningjadóttur, ásamt nokkrum jólalögum með kór Sólheima fyrir gesti. Þrír hressir jólasveinar mættu á staðinn og öllum var boðið upp á heitt kakó, piparkökur og annað góðgæti. Einstaklega góð og skemmtileg heimsókn þar sem meðfylgjandi myndir voru teknar.

Nemendur Kerhólsskóla sungu nokkur lög fyrir heimilismenn á Sólheimum úr Ronju Ræningjadóttur, leikritinu sem var sýnt á árshátíðinni 21. nóvember síðastliðinn. Mynd: Kerhólsskóli.

Viðbragðsaðilar á Suðurlandi stóðu óveðursvaktina með prýði

Það er gott til þess að vita að á Suðurlandi er öflugur hópur fólks sem er reiðubúið til þess að standa vaktina þegar eitthvað bjátar á í samfélaginu. Það fór enginn varhluta af því ofsaveðri sem geisaði í síðustu viku. Vindurinn sló í sjaldséðar tölur. Undir Ingólfsfjallinu fór hann m.a. í yfir 50 m/s í hviðum samkvæmt mæli hjá Vegagerðinni. Rokinu fylgdi hríðarkóf sem varð mjög blint. Í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi var saman kominn hópur fólks úr ýmsum áttum til þess að skipuleggja sem best hvernig standa mætti að viðbrögðum. Þar voru aðilar frá Lögreglu, Rauða krossinum, Brunavörnum Árnessýslu, Björgunarsveit og Vegagerðinni.

Það að fólk héldi sig heima lykilatriði

Í samtölum við alla viðbragðsaðila kom fram að ástæða þess hve vel tókst til, ef þannig mætti að orði komast, var að fáir voru á ferli og fólk hlýddi fyrirmælum. „Það er lykilatriði að fólk hélt sig heima. Mann- og tækjakostur er fljótur að fara ef sinna þarf verkefnum eins og föstum bílum eða þessháttar og viðbragðstími lengist. Ef við tökum sem dæmi að 50 fastir bílar séu á Heiðinni þá er það gífurleg vinna sem tekur langan tíma og tekur upp tæki og mannskap. Sé ekki talað um tafir sem hljótast af því þegar svo á að fara að opna. Opnun vega getur tafist um klukkustundir séu bílar þvers og kruss um vegina. Að því sögðu sinnum við auðvitað öllum útköllum og fólk á ekki að hika við að hafa samband. Það er þó rétt að árétta það sem best að það hjálpar öllu samfélaginu mikið að fólk haldi sig heima sé svona veðra von.“ -gpp

Síðasta blaðið á þessu ári

Kæru Sunnlendingar, um leið og starfsfólk Dagskrárinnar óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, viljum við minna á að næsta blað kemur út þann 8. janúar 2020.



JÓLAGJAFIR - JÓLAFATNAÐUR

Leðurhanskar - Skinnkragar
Ponsjó - Skart - Gjafabréf

Gleðilega hátíð - Þökkum innilega viðskiptin

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800
tiskuverslun.is

Það eru 6 dagar til jóla

STUÐLABANDIÐ
STEBBI HILMARS
SRITE ZERO KLAN

26. DES

HVÍTA HÚSIÐ

Forsala: Gallerí Ózone og Hvítahúsið 26. des. frá 14-17

Jólarölt FKA í Hveragerði

Félagskonur í Suðurlandsdeild FKA (Félag kvenna í atvinnulífinu) skelltu sér á jólarölt í Hveragerði í lok nóvember í dásemdarveðri og góðri jólastemningu. Skipulagningin var í höndum Soffíu Theodórsdóttur og Eydísi Rós Eyglóardóttur þar sem þær leiddu konur á milli fyrirtækja í Hveragerði með gleðina við völd. Góð mæting var á viðburðinn og gerði meðal annars nýráðinn framkvæmdastjóri félagsins, Andrea Róbertsdóttir, sér ferð yfir heiðina, naut kvöldsins, kynnti sig fyrir sunnlenskum konum og kynntist þeim. Úr nógu er að velja í Hveragerði en hópurinn heimsótti fjóra veitingastaði sem og eina vinnustofu sem nokkrar konur eru að vinna á að sínum vörum. Á öllum stöðum var tekið vel á móti hópnum með kynningu á stöðunum og tilurð þeirra sem og að boðið var upp á dásamlega smárétti sem konur gæddu sér á. Mikil gleði og hlátur við völd og konur fóru sáttar heim með jólaskapið í farteskinu.

FKA eru félagasamtök fyrir konur sem eru stjórnendur og leiðtogar í íslensku atvinnulífi. Hvort sem þú ert stjórnandi, leiðtogi, átt eða rekur þitt fyrirtæki – þá áttu heima í FKA. Konur á Suðurlandi sem vilja stórefla tengslanet sitt, styrkja sig og hafa áhrif til eflingar íslensks atvinnulífs eru hvattar til að taka þátt í starfi FKA og sækja um aðild!

Hvað er betra en að fjárfesta í sjálfri sér, sækja um aðild og taka árið 2020 með trompi í góðum félagsskap og öflugu tengslaneti. Umsókn í Félag kvenna í atvinnulífinu og nánari upplýsingar um nefndir og deildir má finna á heimasíðunni fka.is.

Stjórn FKA Suðurlands er skipuð eftirfarandi konum:

Formaður: Auður I. Ottesen, Sumarhúsið og garðurinn
Gjaldkeri: Margrét Ingþórsdóttir, Mundakot bókhaldsþjónusta
Samskiptatengill: Laufey Guðmundsdóttir, Markaðsstofa Suðurlands
Ritari: Guðný Söring Sigurðardóttir, Saumasetrið
Meðstjórnendur:
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Fjárhúsið bókhaldsþjónusta
Soffía Theodórsdóttir, Byr umsýsla
Eydís Rós Eyglóardóttir, Vélsmiðja Ingvars Guðna / Kjúklingabúið Vor / Höfðatún Guesthouse
Herdís Friðriksdóttir, Understand Iceland

Skalli

Sá svalasti í bænum

Stór pizza með þremur áleggstegundum á aðeins 1.299 kr. alla daga í desember

Þú hringir - Við bökum - Þú sækir

www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483 1111

Opnunartímar til jóla
Mið. 18. des. kl. 12-18
Fim. 19. des. kl. 12-20
Fös. 20. des. kl. 12-20
Lau. 21. des. kl. 11-20
Sun. 22. des. kl. 12-20
Mán. 23. des. kl. 12-22
Þri. 24. des. kl. 10-12
Lág álagning – þinn hagur
Stakir jakkar og jakkaföt
Herra spariskór Str. 41-46 og fleiri gerðir
Peysur, bolir, gallabuxur, stakar buxur, stakir jakkar, herra- og kvenúlpur, treflar, hanskar, sixpensarar, nærföt, vinnuskyrtur, axlabönd, leðurbelti, þverslaufur, kvenföt (kjólar, bolir, peysur, buxur), barnaföt, gjafabréf
Allir fá þá eitthvað fallegt
Mikið úrval af hversdags og spariskyrtum á herra, regularfit, slimfit og superslimfit
STRIKIÐ
Fataverslun
Austurvegi 69 - Selfossi - 482 2555
Opið alla daga til jóla

Lionsklúbbur Laugardals, Laugarvatni

Skötuveisla á Þorláksmessu og fleira skemmtilegt

Lionsklúbbur Laugardals var stofnaður haustið 1972 og hefur starfað óslitið síðan. Starfsemin hefur verið mismikil, en allan þennan tíma hefur þess verið vel gætt að leggja stóran hluta innkomu klúbbsins til góðra málefna af ýmsu tagi. Talsvert hefur verið keypt inn af áhöldum og tækjum, húsgögnum og fleiru sem á sínum tíma var notað í heilsugæsluselinu á Laugarvatni. Það fluttist síðan í Laugarás og nýtist vel þar. Klúbburinn hefur tekið sér ýmislegt fyir hendur og má meðal annars nefna talsverða uppgræðslu í nágrenni Laugarvatns, rekstur og uppbyggingu gufubaðsins gamla, stofnun bátaleigu, bingó fyrir Dalbúa, spilakvöld og svo vitanlega skreyting á jólatré í Bjarnalundi og sala á flotkertum sem fleytt er á vökinni framan við Fontana á ljósadeginum okkar hér á Laugarvatni. Á þeim degi er jólamarkaður og þar hefur Lionsklúbburinn boðið upp á blóðsykursmælingu og vel á annað hundrað manns þáðu það að þessu sinni. Þá átti klúbburinn stóran þátt í stofnun Björgunarsveitarinnar Ingunnar hér á Laugarvatni á sínum tíma. Töluverð sveifla hefur verið í félagafjölda á þessum árum öllum og á tímabili var rætt um að jafnvel leggja hann niður en þá var ákveðið að blása frekar í seglin og er skemmst frá því að segja að sumir telja að sett hafi verið heimsmet innan hreyfingarinnar á einu ári þegar hópurinn stækkaði úr 11 í 33. Hluti félaga kemur saman á bílum frá Reykjavík, aðrir frá Selfossi en flestir vissulega héðan frá Laugarvatni og nágrenni.

Klúbburinn hefur síðan farið í bæði haust- og vorferðir að öllu jöfnu og þá skoðað ýmislegt og menn gert sér glaðan dag á bakaleiðinni. Um árabil voru farnar fjölskylduferðir í Þórsmörk, Landmannalaugar, Húsafell og slíka staði og þá gist í tjöldum. Það er því engin logn-molla yfir Lionsmönnum í uppsveitunum, og nágrannaklúbbar okkar í Grímsnesinu og í Biskupstungum eru einnig mjög virkir sem og sá yngsti, Lionsklúbburinn Dynkur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í klúbbnum starfa enn nokkrir af stofnfélögum og eru þeir að kenna okkur strákunum svona aðeins, en leyfa einnig nýjum vindum að blása og þetta blandast allt afar vel og það er góður andi í góðum klúbbi sem mun halda áfram að láta gott af sér leiða.

Fjáröflunarleiðir eru þær helstar að taka að sér verkefni fyrir hina og þessa sem félagsmenn geta unnið með samhentu átaki og líkar mönnum það mjög vel. Liður í því er **Skötuveisla** sem hefur skipað sér fastan sess hjá Laugdælingum og alltaf bætast fleiri við úr nágrenninu og koma menn jafnvel nokkuð langt að, því það er ekki bara úrvals skata og saltfiskur sem fólk sækir í heldur einnig að hitta mann og annan, skiptast á skoðunum um skötuna og fara aðeins yfir málin. Allavega hefur þessi siður fest sig vel í sessi hér og vonumst við vitanlega alltaf eftir að sjá sem flesta og því komið á framfæri hér að allir eru hjartanlega velkomnir. Borðhald fer fram í Menntaskólanum að Laugarvatni en húsið er opnað kl. 11.30 og við höfum opið til kl. 14.00. Pantanir mega berast á Tómas Tryggvason, 894 0920 eða í netfangið lionsskata2019@gmail.com. Endilega drífa sig, þið sjáið ekki eftir því.

Einn af stofnfélögum klúbbsins, Árni Guðmundsson frá Böðmóðsstöðum lést í byrjun desember og er hans minnst hér fyrir mikið og gott starf innan klúbbsins þar sem hann gegndi hinum ýmsu störfum innan hans, formaður meðal annars.

Pálmi Hilmarsson
ritari Lionsklúbbs
Laugardals.

Saga Sigurðardóttir ráðin í tímabundið starf markaðs- og kynningarfulltrúa

Alls barst 21 umsókn um að leysa af Eiríks V. Sigurðarson markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings ytra en hann hefur fengið launalaust leyfi frá 1. janúar 2020 til 1. september 2020. Mjög góðar umsóknir bárust og er niðurstaðan að ráða Sögu Sigurðardóttur til starfans. Saga er með BA í ensku og ferðamálafræði og hefur nýverið lokið meistaranámi í verkefnastjórnun (MPM) frá Háskóla Íslands. Saga hefur síðustu ár starfað hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, hún er 29 ára móðir tveggja dætra og býr með manni sínum á Hvolsvelli.

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við fráfalls

Erlings Loftssonar
bónda,
Sandlæk, Gnúpverjahreppi,

Sem lést á LSH í Fossvogi 26. okt. sl.

Elín Erlingsdóttir, Bjarni Jón Matthíasson,
Valgerður Erlingsdóttir, Brian R. Haroldsson,
Loftur Erlingsson, Helga Kolbeinsdóttir,
og fjölskyldur

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2019

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2019. Frestur til tilnefninga er til miðnættis þriðjudaginn 7. janúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverdlaun@sudurland.is. Formleg viðurkenning og peningaverðlaun í boði. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarp@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Töluvert margir traðka á mér.
Til er ég víða í fjöllunum.
Stundum fyrir eyrum ég er
og alltaf á Rangárvöllunum.

Svar við gátu í blaði 2528: FJÖÐUR.
1. lína: Fjaðrapenni - 2. lína: Fjöður á vegg
3. lína: Fjöður í kvenhatti - 4. lína: Hóffjöður

APÓTEK SUÐURLANDS

Við óskum ykkur öllum gleðilegra hátíða og farsældar á nýju ári með þakklæti fyrir hvatningu og góðar móttökur á árinu sem er að líða.

Kær kveðja,
Eysteinn, Guðmunda og Harpa

Opnunartímar yfir jól og áramót:

Þorláksmessa kl. 9-18
Aðfangadagur kl. 9-12
Jóladagur LOKAÐ

ANNAR Í JÓLUM kl. 11-14

Föstudagur 27. des. kl. 10-18
Laugardagur 28. des. kl. 10-16
Sunnudagur 29. des. LOKAÐ
Gamlársdagur kl. 9-12
Nýársdagur LOKAÐ

Starfsfólk Set á Íslandi og í þýskalandi óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Áramótalokun Set verður
frá og með 20. desember 2019
til og með 5. janúar 2020.

Set ehf • Röraframleiðsla

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944

Yfir 80% Sunnlendinga lesa Dagskrána

90 ára afmæli

Þann 2. janúar 2020 verður Georg Franzson 90 ára.

Hann býður ættingjum og vinum til samfagnaðar með sér að Grænumörk 5, 800 Selfossi þann sama dag milli kl. 17:00 og 20:00.

90 ára afmæli

Sveinsína Guðmundsdóttir frá Hamri, síðar búsett á Stokkseyri og Grænumörk Selfossi, verður 90 ára þann 6. janúar 2020.
Af því tilefni verða afkomendur hennar með opið hús laugardaginn 4. janúar 2020 frá kl. 14 til 17 í Oddfellow salnum, Vallholti 19, Selfossi.

†

Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

Þorsteinn Ágústsson,
bóndi á Syðra-Velli,

varð bráðkvaddur þriðjudaginn 10. desember. Útför hans verður frá Selfosskirkju föstudaginn 20. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hans láti MS-félag Íslands njóta þess. Upplýsingar í s. 568 8620 og á www.msfelag.is.

Margrét Jónsdóttir
Ingveldur Þorsteinsdóttir **Andrés M. Haraldsson**
Jón Gunnþór Þorsteinsson **Ágúst Þorsteinsson**

Ég myndi skrifa sögulegar skáldsögur og kvennapólitískar

- segir lestrarhesturinn Hrund Ólafsdóttir

Hrund Ólafsdóttir er fædd í Reykjavík, alin upp á Selfossi frá sex ára aldri en býr núna í höfuðstaðnum. Eftir landspróf 1975 fór hún í Menntaskólann að Laugarvatni og lauk stúdentsprófi 1979. Hún er með meistarapróf í almennri bókmenntafræði, próf í uppeldis- og kennslufræðum og kennsluréttindi sem framhaldsskólakennari. Hún er einnig með hliðarmenntun í leiklist og leikstjórn og fæst meðal annars við að skrifa fyrir leikhús. Um þessar mundir er hún að skrifa einleik fyrir svið og sína fyrstu skáldsögu. Hrund hefur mest starfað við að kenna bókmenntir, ensku og íslensku í framhaldsskólum en einnig kennt leiklist sem listgrein í grunnskóla og leikstýrt þar og hjá áhugaleikfélögum.

BÓKABÆIRNIR AUSTANFJALLS

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er nýbyrjuð á bók Andra Snæs Magnasonar *Um tímann og vatnið* en ég held mikið upp á Andra sem rithöfund, hugsjónamann og hugsuð. Umhverfismál og þá sérstaklega náttúruvernd og loftslagsmál eru mér afar hugleikin og finnst mér Andri Snær góður í að útskýra þessi flóknu mál á máli sem allir skilja auk þess sem ég er hrifin af því hvernig hann notar persónulegt sjónarhorn. Svo er ég að lesa sænsku skáldsöguna *Ósköp venjuleg fjölskylda* eftir Mattias Edvardson. Hún er reifari öðrum þræði og fjallar um fjölskyldu sem þarf að endurskoða líf sitt þegar einkadóttirin er grunuð um morð. Mér finnst gott að hafa sálfræðilegar spennusögur í bunkanum á náttborðinu.

Hverskonar bækur höfða til þín?

Mér líkar vel við sögulegar skáldsögur með breiðri samfélagslýsingu og helst dálítilli gagnrýni milli línanna. Ég hef einnig dálæti á þýddum skáldsögum og frásögnum frá fjarlægum löndum en bókaútgáfan Angústúra er með þannig bækur í nýjum bókaklúbbi og eru þær hver annarri betri auk þess að vera vel þýddar og feikilega upplýsandi. Annars er ég svokölluð alæta á bókmenntir af öllum sortum. Ég hef starfað nokkuð sem bókmenntagagnrýnandi og haft ánægju af því og svo er ég í leshring sem les eingöngu bækur eftir konur og ræðir efni þeirra út frá femínísku sjónarhorni. Við höfum starfað óslitið síðan í júní 1981 eftir að hafa verið í kúrsum hjá Helgu Kress í kvennabókmenntum í Háskóla Íslands. Núna erum við níu eftir, hittumst einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og stundum oftar og erum góðar vinkonur.

Varstu alin upp við bóklestur?

Ég er alin upp við mikinn lestur á heimilinu, það var lesið fyrir okkur og ég lærði að lesa á hlið fjögurra ára gömul þegar eldri systur minni var kennt að lesa við eldhúsborðið. Fimm ára gömul las ég upphátt fyrir krakkana í götunni, sum þeirra voru tveimur árum eldri en ég. Þegar ég hugsa til baka var ég líklega einnig hrifnust af sögulegum skáldsögum, ætluðum börnum og af bókum sem gerðust í fjarlægum heimshornum. Snemma beygist krókurinn. Ég byrjaði svo ung að lesa bækur en ég man sérstaklega eftir *Lísu Dísu* og *Labbakút*, *Stínu*, *Degi* og fleiri þýddum bókum svona fyrstu árin. Svo var það bara allt sem ég náði í. Bæði á bókasafninu og heima en í nokkur ár var pabbi umboðsmaður Máls og menningar á Selfossi og það var með mestu hátíðisdögum er bókakassarnir bárust í hús. Ég hef alltaf lesið barnabækur mér til ánægju og var svo lánsöm á árunum sem ég skrifaði gagnrýni í fjölmiðla að hafa meðal annars fengið að skrifa bókmenntagagnrýni um barna- og unglingabækur.

Hrund Ólafsdóttir.

En hvernig eru lestrarvenjur þínar?

Ég mætti lesa meira en sennilega les ég í kringum þrjár bækur á mánuði eftir að ég kynntist Netflixinu. Ég les mest á kvöldin þegar ég er komin í háttinn og á morgnana áður en ég fer fram úr. Af íslenskum höfundum held ég einna mest upp á Álfrúnu Gunnlaugsdóttur. Hún kenndi mér í háskólanum þar sem ég hreifst mjög af sýn hennar og framsetningu. Álfrún er með svo gott vald á formi og stíl og ég er hrifin af sögum þar sem farið er fram og aftur í tíma auk þess sem auga rithöfundarins er að vissu leyti eins og auga kvikmyndavélar. Svo er Álfrún samfélagsleg og pólitísk. Uppáhalds útlenski höfundurinn minn er Virginia Woolf og líklega á lýsingin á Álfrúnu jafn vel við þennan breska klassíska höfund en auk þess er Woolf mjög femínísk í öllum sínum skrifum.

Hefur bók haldið fyrir þér vöku?

Oft, oft, oft og mörgum sinnum.

Hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ég myndi skrifa sögulega skáldsögur og kvennapólitískar. Skáldsagan sem ég er að spreyta mig á núna er samtímasaga og einleikurinn sem kemst vonandi einhverntíma á svið er byggður á lífi mínu, mömmu minnar og ömmu.

Síðasta upplestrarkvöldið í Bókakaffinu

- Guðrún Eva, Bergþóra og knáir höfundar Kindasagna

Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Aðalsteinn Eyþórsdóttir og Guðrún Eva Mínervudóttir verða meðal lesara á síðasta upplestarkvöldi Bókakaffisins á þessari aðventu.

Aðferðir til að lifa af heitir bók Guðrúnar Evu, Bergþóra les upp úr bók sinni *Svínshöfuð*, Guðbjörg Jóna Torfadóttir kynnir ljóðabókina *Tásurnar*, Hlynur Níels Grímsson les úr *Veikindadögum* og Guðmundur S. Brynjólfsson les úr glæpasögunni *Þögla barninu*. Þá kynnir Heiðmar Ingi Jónsson nýútkomna ævisögu Rasmunar Kristian Rask og kindakarlarnir Aðalsteinn Eyþórsson og Guðjón Ragnar Jónasson lesa upp úr hinum rómuðu *Kindasögum*.

Húsið verður opnað klukkan 20 en lestur hefst hálftíma síðar og stendur aðeins í klukkustund. Á eftir gefst tækifæri til skrafs við skáldin og að vanda mun kakó ylja gestum.

OPNUNARTÍMAR
UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðin Selfossi

Fimmtudagur	19. desember	11-18
Föstudagur	20. desember	11-19
Laugardagur	21. desember	11-18
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	**23. desember**	**10-22**
Þriðjudagur	**24. desember**	**9-13**
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	11-19
Laugardagur	28. desember	11-18
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	**30. desember**	**10-19**
Þriðjudagur	**31. desember**	**9-14**
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðin Flúðum

Fimmtudagur	19. desember	11-18
Föstudagur	20. desember	11-19
Laugardagur	21. desember	11-16
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	**23. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**24. desember**	**10-12**
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	11-19
Laugardagur	28. desember	11-16
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	**30. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**31. desember**	**10-13**
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðirnar Hellu og Hvolsvelli

Fimmtudagur	19. desember	11-18
Föstudagur	20. desember	11-19
Laugardagur	21. desember	11-16
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	**23. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**24. desember**	**10-12**
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	11-19
Laugardagur	28. desember	11-16
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	**30. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**31. desember**	**10-13**
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðin Hveragerði

Fimmtudagur	19. desember	11-18
Föstudagur	20. desember	11-19
Laugardagur	21. desember	11-16
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	**23. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**24. desember**	**10-13**
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	11-19
Laugardagur	28. desember	11-16
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	**30. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**31. desember**	**10-13**
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðirnar Vík og Kirkjubæjarklaustri

Fimmtudagur	19. desember	14-18
Föstudagur	20. desember	13-19
Laugardagur	21. desember	12-14
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	**23. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**24. desember**	**10-12**
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	13-19
Laugardagur	28. desember	12-14
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	**30. desember**	**13-19**
Þriðjudagur	**31. desember**	**10-13**
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðin Þorlákshöfn

Fimmtudagur	19. desember	16-18
Föstudagur	20. desember	13-18
Laugardagur	21. desember	Lokað
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	**23. desember**	**11-19**
Þriðjudagur	**24. desember**	**10-12**
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	13-18
Laugardagur	28. desember	Lokað
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	**30. desember**	**13-18**
Þriðjudagur	**31. desember**	**10-13**
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	16-18

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM85276

†

Ástkær eiginmaður minn og bróðir

Kristófer Sigurðsson,
frá Maríubakka í Fljótshverfi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
mánudaginn 11. nóvember.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Anna Petersen
Guðbergur Sigurðsson

Árleg skötuveisla

UMF STOKKSEYRAR
STOFNAÐ 1908

Árleg skötuveisla Ungmennafélags Stokkseyrar verður haldin á Þorláksmessu í íþróttahúsinu Stokkseyri. Húsið opnað kl. 11 og borðhald hefst kl. 11:30. Þetta verður eins og undanfarin ár, kæst og söltuð skata, sterk og dauf, saltfiskur og tilheyrandi meðlæti. Gos selt á staðnum. 3000 kr. á mann 13 ára og eldri, 1500 kr. 12 ára og yngri.

Minnum einnig á vitnisburð til jólasveina 22. desember, milli kl. 20 og 21 í íþróttahúsinu.

BRUNAVARNIR RANGÁRVALLASÝSLU

Útboð

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.
- Dynskálar 49, Hellu - Frágangur -

Verkís f.h. Brunavarna Rangárvallasýslu óskar eftir tilboðum í ofangreint verk.

Um er að ræða fullnaðarfrágang við framtíðarslökkvistöð Brunavarna Rangárvallasýslu á Hellu. Á neðri hæð hússins verður tækjasalur auk snyrtiaðstöðu en á þeirri efri verður starfsmannarými auk skrifstofuaðstöðu.

Nokkrar magntölur:

- Innveggir:	100 m²
- Stálsmíði	1.300 kg
- Gólffrágangur	130 m²

Heildarverklok eru 15. maí 2020.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með 23. desember 2019. Senda skal ósk um gögn á tölvupóstfang verkis.selfoss@verkis.is með nafni fyrirtækis, heimilisfangi og síma.

Tilboðum skal skila til Verkís hf., Austurvegi 10, 800 Selfossi fyrir kl. 13:00, 21. janúar 2020, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

HEILSUHORN HSU

Heilablóðfall

Heilablóðfall, einnig kallað slag, er skyndileg breyting á heilastarfsemi sem orsakast af truflun á blóðflæði til heilans. Truflunin getur stafað af blóðtappa í æð eða af því að æð brestur/rofnar og blæðir inn í heilavefinn, heilablæðing. Í báðum tilfellum verður skortur á blóði til ákveðins staðar í heilanum sem veldur því að súrefni og önnur næringarefni berast ekki til frumna þess staðar sem æðin nærði. Hluti heilafrumnanna deyr en starfsemi annarra raskast. Blóðtappi er níu sinnum algengari en heilablæðing. Á Íslandi eru um 600 einstaklingar sem fá heilablóðfall á ári hverju og með hækkandi aldri þjóðarinnar er líklegt að þessi tala hækki á komandi árum.

Einkenni heilablóðfalls eru margvísleg og ráðast af því hvaða hluta heilans verður fyrir skemmdum (blóðskorti) og umfangi skemmdanna. Staðbundin skemmd á ákveðnum svæðum veldur starfstruflun á ákveðu líkamssvæði eða sérhæfðri líkamsstarfsemi. Hægra heilahvel stjórnar vinstri hluta líkamans og öfugt. Áhættuþættir fyrir heilablóðfalli eru til dæmis: Ættarsaga og fyrri saga um heilablóðfall, aldur, hár blóðþrýstingur, hátt kólesteról í blóði, sykursýki, reykingar, gáttatif, offita, kyrrseta og streita.

Gott er fyrir fólk að þekkja helstu einkenni heilablóðfalls svo hægt sé að bregðast við ástandinu sem fyrst.

Einkenni geta verið einhver af eftirtöldu:

- Skyndilegar taltruflanir, erfiðleikar við að finna orð eða búa til setningar, óskýrt tal.
- Skyndileg máttminnkun öðru megin í andliti, handlegg eða fótlegg. Hægt að sjá með því að biðja einstaklinginn um að brosa og/eða reka út úr sér tunguna.
- Slæmur höfuðverkur.
- Ógleði og uppköst.
- Erfiðleikar við að kyngja/borða.
- Skyndileg truflun á jafnvægi, erfiðleikar með gang.
- Skyndileg sjónskerðing, getur verið á öðru auganu eða báðum.
- Skert meðvitund.
- Öndunarerfiðleikar

Rán Jósepsdóttir, hjúkrunarstjóri Heilsugæslu Rangárþings.

Heilablóðfall er alltaf neyðartilfelli og mikilvægt að hringja strax í 112 svo hægt sé að hefja læknismeðferð sem fyrst.

- Hagræða skal einstaklingnum í sitjandi stöðu og hughreysta.
- Ef viðkomandi er meðvitundarlaus og andar skal leggja hann í hliðarlegu á slappari hliðina.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,
Rán Jósepsdóttir,
Hjúkrunarstjóri Heilsugæslu Rangárþings

Jólatré sótt í Þjórsárdalsskóg

Félagar í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík ferma bíla sína með iðjagrænum jólatrjám úr Þjórsárdalsskógi. Trén verða seld á jólatrjáamarkaði sveitarinnar við Flugvallarveg í Reykjavík. Ljósmynd: Jóhannes H. Sigurðsson

Félagar í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík sóttu sér jólatré í Þjórsárdalsskóg sem þeir ætla í jólatrjáasölu sína. Í Haukadal var einnig opið fyrir gesti og gangandi í sömu hugleiðingum. Fólk kom og valdi sér tré í skóginum, hjó niður og þáði ketilkaffi að lokinni útiverunni. Samkvæmt Trausta Jóhannssyni, skógarverði var talsvert rennirí af fólki sem sótti sér tré víða um skóginn. Þá hvetur Skógræktin fólk til þess að nýta skógana. „Það er ástæða til að hvetja fólk til að nýta sér skóga um allt land til útivistar og upplyftingar, ekki síst í svartasta skammdeginu. Það er alltaf skjól í skóginum, alltaf grænn litur á barrtrjánum og alltaf eru einhverjir staðfuglar á flögri sem gleðja augu og eyru skógargesta.“ -gpp

Getur þú hugsað þér
gleðilega hátíð án rafmagns?

Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.

www.rarik.is

RARIK

Rótgróð byggingafyrirtæki vantar í vinnu smiði eða menn vana byggingarvinnu - mikil vinna og góð verkefnastaða - góð íslenskukunnátta skilyrði. Allar upplýsingar veita Heimir í síma 892 3742 og Gestur í síma 899 5443 eða á tresmidjan@tresmidjan.is

HG
TRÉSMIÐJA HEIMIS
Unubakka 3b • 815 Þorlákshöfn
Sími 483 3693 & 892 3742
tresmidjan@tresmidjan.is • www.tresmidjan.is

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Kerhólsskóli óskar eftir að ráða deildarstjóra í leikskóladeild

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með rúmlega 70 nemendur á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk þar af eru 26 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu og heilbrigði. Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Deildarstjórar sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku auk annarra sérkjara.

Deildarstjóri í 100% starf

Deildarstjóri starfar eftir starfslýsingu deildarstjóra í leikskólum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Reynsla af deildarstjórn æskileg
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Faglegur metnaður og ábyrgð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur 4. janúar 2020

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480 5520, 863 0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is.

Smyril Line bætir við öðru skipi

Smyril Line, sem á og rekur vöruflutningaferjuna Mykines og farþega- og vöruflutningaferjuna Norrænu, hefur fest kaup á nýrri vöruflutningaferju sem mun hefja áætlunarsiglingar um miðjan janúar 2020 milli Þorlákshafnar og Hirtshals í Danmörku með viðkomu í Færeyjum. Ferjan, sem fær nafnið Akranes, er 10.000 tonn og getur tekið 100 vöruflutningavagna í hverri ferð.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu. Þar segir jafnframt að með tilkomu nýju ferjunnar opnast nýir möguleikar fyrir inn- og útflytjendur á Íslandi.

„Annars vegar styttum við flutningstímann fyrir innflutning frá Danmörku og Færeyjum til Íslands töluvert og hins vegar bjóðum við upp á nýja útflutningsleið, t.d. fyrir fisk, um Danmörku til Evrópu," segir Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line á Íslandi.

Ný inn- og útflutningsleið um Danmörku

„Við siglum vikulega frá miðjum janúar 2020 milli Þorlákshafnar og Hirtshals á Jótlandi, þangað sem Norræna siglir líka, með viðkomu í Færeyjum. Farið verður frá Danmörku á föstudagseftirmiðdegi og komið til Íslands á mánudegi og er ég spennt að sjá hvernig þessari nýju inn- og útflutningsleið verður tekið, bæði fyrir fisk frá suðvesturhorninu í gegnum Danmörku til Evrópu og allskyns inn- og útflutning til og frá Skandinavíu og meginlandinu."

Nýja ferjan fær nafnið M/V Akranes og bætist við fjögurra skipa flota Smyril Line þann 20. desember 2019. Hin skipin eru Norræna, Hvítanes, Eystnes og Mykines. Akranes er systurskip Mykines, sem hefur reynst mjög vel í siglingum milli Þorlákshafnar og Rotterdam.

Lyftistöng fyrir bæði höfnina og sveitarfélagið

„Við höfum unnið markvisst að því að efla siglingar til og frá Þorlákshöfn og áætlunarferðir Akraness verða enn frekari lyftistöng fyrir bæði höfnina og sveitarfélagið enda aukast umsvifin við höfnina enn frekar og þar með líka bæði störf og afleidd atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu," segir Elliði Vignisson bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss. „Þorlákshöfn er í dag orðin lykilhöfn í flutningum á sjó til og frá Evrópu. Til að styðja við þessa þróun höfum við gert miklar endurbætur á hafnaraðstöðunni og þær framkvæmdir nýtast okkur í þessu vaxtarskrefi enda notar nýja ferjan sömu aðstöðu og Mykines. Þá eigum við tilbúnar lóðir á hafnarsvæðinu fyrir aukna starfsemi. Við höfum þá trú að á komandi árum muni inn- og útflytjendur leggja aukna áherslu á skemmri siglingu til að tryggja betur ferskleika vörunnar og draga úr kolefnisspori vegna flutninga en siglingin til og frá Evrópu tekur hátt í sólarhring skemmri tíma þegar siglt er hingað miðað við Faxaflóann."

Tekur 100 vöruflutningavagna

Akranes, sem bar áður nafnið Bore Bank, var byggt árið 1998 í UMOE skipasmíðastöðinni í Noregi. Skipið er 138 metra langt, 23 metra breitt, 10.000 tonn og tekur 100 vöruflutningavagna í hverri ferð. Það var áður í eigu finnska skipafélagsins Bore, sem er hluti af Spliethoff samstæðunni og var þá í siglingum á Eystrasaltinu. Skipið verður skráð í Færeyjum og verða 24 í áhöfn.

Stofnun rannsóknateymis til að rannsaka sýklalyfjaónæmi á Íslandi

Teymi íslenskra og bandarískra vísindamanna hefur verið sett á laggirnar til að rannsaka sýklalyfjaónæmi á Íslandi. Sérstaða landsins gerir það að ákjósanlegum vettvangi til að rannsaka þessa vaxandi ógn við lýðheilsu. Rannsókn teymisins er ætlað að skapa þekkingu til að viðhalda lágu hlutfalli ónæmis í landinu og vinna gegn þróun ónæmis annars staðar í heiminum.

Rannsóknin byggist á svokallaðri „einnar heilsu" aðferðarfræði og nær þannig til manna, dýra, matvæla og umhverfis á landsvísu með það að markmiði að auka þekkingu okkar á því hvernig sýklalyfjaónæmar bakteríur breiðast út. Ætlunin er að ná til sem flestra þátta með því að rannsaka E. coli bakteríuna sem finnst í búfénaði, umhverfi, svo og á innlendum og innfluttum kjötvörum og bera þær saman við E. coli bakteríur sem greinast í sýkingum í mönnum.

Teymið er skipað þverfaglegum sérfræðingum sem rannsaka munu vistfræði baktería og sýklalyfjaónæmis svo og áhrif þess á dýr, matvæli og menn. Þær stofnanir sem koma að rannsóknninni eru Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, MATÍS (matvælarannsóknir Íslands), Matvælastofnun, Aðgerðarstofnun gegn sýklalyfjaónæmi við George Washington University, Washington D.C. (ARAC) og Vísindastofnun vistkerfis og þjóðfélags við Northern Arizona University, Arizona (ECOSS).

Sú sérstaða sem gerir Ísland bæði einstakt og ákjósanlegt til slíkra rannsókna er landfræðileg einangrun, íbúafjöldinn og hversu auðvelt er að fylgjast með sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi bæði hjá mönnum og dýrum. Sýklalyfjaónæmi í landinu er með því lægsta sem þekkist í heiminum en þeirri öfundsverðu stöðu er nú ógnað. Þar má nefna vaxandi ferðamannaiðnað með meira en tvær milljónir ferðamanna sem koma til lands með íbúafjölda um 360.000, auknar ferðir Íslendinga til svæða með meira sýklalyfjaónæmi og vaxandi innflutning á landbúnaðarafurðum, eins og fersku kjöti og grænmeti.

Mikilvægt er að átta sig á því hvers vegna hlutfall sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í heiminum þrátt fyrir að við notum meira af sýklalyfjum í menn en gert er í nágrannalöndum okkar. Við notum hins vegar mun minna af sýklalyfjum í landbúnaði en þekkist víðast hvar annars staðar. Vonast er til að sú þekking sem fæst með þessari rannsókn hjálpi til við að viðhalda lágu hlutfalli ónæmis í landinu. Sú vitneskja gæti einnig hjálpað til að vinna gegn ónæmisþróun annars staðar í heiminum.

Allt það sem er æskilegt fyrir velferð mannsins

Abraham Lincoln er einn merkasti forseti sem Bandaríkjamenn hafa átt og meta margir hann fremstan allra forseta. Hann sagði eitt sinn: „Allt það sem æskilegt er fyrir velferð mannsins, bæði í þessu lífi og öðru, má finna í Biblíunni.“

Fyrir skömmu var mér boðið á aðventukvöld Gídeonfélagsins. Þar var saman komin góður hópur fólks sem á það sameiginlegt að vilja stuðla að því að sem flestir eignist Guðs orð. Mér er það minnistætt þegar ég var ungur að árum og fékk Nýja testamentið að gjöf frá Gídeonfélaginu. Mér þótti bókin ákaflega falleg og þorði varla að fletta henni í fyrstu af ótta við að hún yrði þá fljótt slitin.

Gídeonfélagið var stofnað 1899 í Bandaríkjunum af þremur einstaklingum. Félagsskapurinn breiddist hægt og rólega út og var Ísland þriðja landið þar sem Gídeonfélag var stofnað. Það er í sjálfu sér svolítið merkilegt í ljósi þess að starfsemi þess er í dag nánast í öllum löndum heims. Meðlimir á heimsvísu eru um 270 þúsund og þeir færa öllum sem vilja Nýja testamentið og Biblíuna að gjöf á yfir 100 tungumálum. Félagið hefur gefið rúmlega tvo milljarða eintaka af Biblíunni frá stofnun. Á Íslandi gaf félagið fyrstu Biblíuna á hótelherbergi árið 1949 en það var á Hótel Borg. Árið 1954 hóf félagið að fara í grunnskólana og gefa 10 ára börnum Nýja testamentið.

Íslenskt samfélag og kristnar rætur

Þeirri vegferð lauk því miður árið 2011 þegar kristin trú var sett í skammarkrókinn af Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar. Þegar borgin bannaði að dreifa í grunnskólum boðandi efni eins og það var orðað. Þremur árum áður eða árið 2008 bannaði þáverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins kristnifræðikennslu í skólum landsins.

Þessar ákvarðanir voru ekki heillavænlegar að mínum dómi. Það var óskynsamleg ákvörðun að þessi bók bókanna sem svo ríkulega hefur mótað íslenska menningu og íslenskan trúararf skuli þannig gerð hornreka í íslensku skólakerfi. Uppeldishlutverk skólans er mikilvægt, ekki síst siðgæðisuppeldi. Skólum er ætlað að miðla slíkum gildum og í íslensku samfélagi eiga þessi gildi sér kristnar rætur. Taka á tillit til þess að kristin trú hefur verið ráðandi í mótun menningar okkar og samfélags.

Nú þegar styttist til jóla spyr maður sig að því hvenær verði farið að fetta fingur út í helgidagahald. Verður það jafn sjálfsagt að við fáum frí á kristnum helgidögum og verið hefur? Segja má að hér á landi hafi gætt tilhneigingar til ákveðinnar afkristnunar síðustu árin. Þessari öfugþróun hefur verið stjórnað af háværum minnihluta. Hér þarf að snúa við blaðinu.

Bersýnilegt er að kirkjulegt starf hefur mjög færst í aukana á aðventunni í íslenskum söfnuðum hin síðari ár. Mikið framboð er af tónleikum og öðru efni sem laðar fólk að kirkjunni. Á þessum árstíma erum við minnt á langa samleið trúar og lista, ekki síst trúar og tónlistar og er það ánægjulegt.

Mikilvægi kyrrðarinnar í aðdraganda jóla

Boðberar kristninnar hafa á öllum tímum bent á mikilvægi kyrrðarinnar, mikilvægi þess að draga sig um stund í hlé frá áreiti umhverfisins. Margir sakna kyrrðar og jafnvel þagnar á þessum tíma frammi fyrir öllum þeim hávaða sem umlykur fólk í flóði auglýsinga fyrir jólahátíðina. Við eigum ekki að vanmeta mikilvægi kyrrðarinnar í aðdraganda jóla.

Hugleiðum vel í hverju jóla-undirbúningur okkar ætti helst að vera fólginn. Upplagt er nú á aðventunni að hugleiða gildi hinnar kristnu trúar, hver sé boðskapur jólanna og hver sé kjarni hinnar kristnu trúar og kristins siðar, sem hefur fylgt þjóðinni í meira en þúsund ár.

„Allt það sem er æskilegt fyrir velferð mannsins.“

Gleðileg jól.

Birgir Þórarinsson, þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi

Kristján Þór fundaði um heimaslátrun

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, átti fund með helstu hagsmunaaðilum um möguleika þess að rýmka gildandi reglur um slátrun og leita leiða til að auka verðmætasköpun bænda. Á fundinum fór Kristján Þór yfir þá vinnu sem farið hefur fram í ráðuneytinu á undanförnum misserum og kallaði eftir sjónarmiðum fundargesta. Fundinn sátu auk ráðherra fulltrúar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Matvælastofnun, Bændasamtökum Íslands, Landssamtökum sauðfjárbænda og Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir, bóndi í Birkihlíð í Skagafirði.

„Á fundinum kom fram vilji allra aðila til að leita leiða til að ná fram þessu markmiði um að auka frelsi bænda, auka verðmætasköpun og hvetja til nýsköpunar og þróunar. Jafnframt skynjaði ég skilning á því að við þurfum að starfa innan þeirra alþjóðaskuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist en ég er sannfærður um að við getum innan þess ramma tekið skref í þessa veru. Ég tel að það séu allir samstíga í því verkefni,“ sagði Kristján Þór.

Íslandsbanki Selfossi

Starfsmaður í mötuneyti

Útibú Íslandsbanka á Selfossi óskar að ráða starfsmann til að sjá um hádegismat fyrir starfsmenn útibúsins. Vinnutími er frá 09:30 –13:30 virka daga. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni
- Innkaup
- Matreiðsla og frágangur eftir mat
- Almenn eldhússtörf.
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi.

Hæfniskröfur
- Reynsla af matseld eða þjónustu fyrir hópa
- Snyrtimennska
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Jón Rúnar Bjarnason útibússtjóri, jon.bjarnason@islandsbanki.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ferilskrá. **Umsóknarfrestur er til og með 22. desember nk.**

440 4000
@islandsbanki
islandsbanki.is

íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

Tap gegn Val í hörkuleik

HANDBOLTI Selfoss mætti Val í síðasta leik fyrir jól í Hleðsluhöllinni á sunnudaginn. Valur hafði tveggja marka sigur, 31-33, eftir stórskemmtilegan spennuleik.

Gestirnir byrjuðu betur og leiddu fyrstu fimm mínútur leiksins en Selfyssingar náðu að fínstilla sinn leik og jafna leikinn í 4-4. Þá fékk Atli Ævar Ingólfsson rautt spjald fyrir vægt brot en það þjappaði Selfyssingum saman og Guðni Ingvarsson fyllti skarð hans með sóma. Selfoss komst yfir í 8-6 og náðu mest fjögurra marka forskoti í fyrri hálfleik en staðan í leikhléi var 18-16 heimamönnum í vil.

Hergeir var öflugur í leiknum með tíu mörk. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE

Leikurinn hélst í góðu jafnvægi áfram og leiddu heimamenn með tveimur til þremur mörkum þar til að Valsmenn náðu að jafna metin um miðjan síðari hálfleik, 26-26. Leikurinn var jafn og spennandi á lokakaflanum og jafnt á svo til öllum tölum. Á lokamínútunni fengu Selfyssingar ágætt færi á að jafna metin en höfðu heppnina ekki með sér í liði og fór skotið rétt fram hjá, Valsmenn brunuðu upp og innsigluðu sigurinn endanlega, 31-33.

Mörk Selfoss: Hergeir Grímsson 10/5, Haukur Þrastarson 9, Guðni 5, Guðjón Baldur Ómarsson og Daníel Karl Gunnarsson 2, Ísak Gústafsson og Magnús Øder Einarsson 1. Varin skot: Einar Baldvin Baldvinsson 7 (25%) og Sölvi Ólafsson 2 (14%).

Selfyssingar sitja í fimmta sæti Olísdeildarinnar yfir jóla-, nýárs- og landsliðspásu fram í lok janúar. Næsti leikur strákanna er gegn HK í Kórnum 30. janúar. *-esó*

Haukur gengur til liðs við Kielce

HANDBOLTI Haukur Þrastarson, leikmaður Selfoss og íslenska landsliðsins, gengur í raðir Póllandsmeistara Kielce næsta sumar á þriggja ára samningi.

Hann skaust upp á stjörnuhimininn á þarsíðasta tímabili þar sem hann var valinn efnilegasti leikmaður Olís-deildar karla og lék sinn fyrsta landsleik, aðeins 16 ára.

Haukur var valinn besti leikmaður EM U-18 ára í fyrra þar sem Ísland endaði í 2. sæti. Hann varð svo Íslandsmeistari með Selfossi á síðasta tímabili og var aftur valinn efnilegasti leikmaður Olís-deildarinnar. Hann lék tvo leiki með íslenska landsliðinu á HM í Danmörku og Þýskalandi.

Ljósmynd: Umf. Selfoss

Haukur er annar Selfyssingurinn sem leikur með Kielce en Þórir Ólafsson, lék með liðinu á árunum 2011-14.

Glæsilegar glímur á HSK-mótinu

JÚDÓ Laugardaginn 7. desember var HSK-mótið í júdó fyrir 11 ára og yngri haldið í Sandvíkursalnum. Margir keppendur voru að taka þátt á sínu fyrsta móti og stóðu sig vel. Fleiri myndir af mótinu er á vef Umf. Selfoss, www.selfoss.net. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Einar Ottó.

Mikið fjör á Kjörísmótaröðinni

KNATTSPYRNA Kjörísmótaröðinni lauk nú um helgina og var margt um manninn þessar þrjár helgar eða rúmlega 1000 keppendur. Nú um helgina og þá síðustu öttu kappi krakkar úr 6. og 7. flokki stúlkna sem og 5. flokki stúlkna og drengja.

Stjórn og aðstandendur knattspyrnudeildar Hamars þakka öllum kærlega fyrir komuna upp í Hamarshöll og hlökkum við til að sjá sem flesta á Páskamótinu okkar 2020.

Fjórir Selfyssingar í æfingahóp landsliðsins

HANDBOLTI Þeir Haukur Þrastarson, Elvar Örn Jónsson, Janus Daði Smárason og Bjarki Már Elísson eru allir í æfingahópi A-landsliðs karla. Guðmundur Þ. Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi 28 manna hóp á dögunum sem verður gjaldgengur á EM sem hefst í Svíþjóð nú í janúar. Hópurinn kemur saman til æfinga 22. desember nk. og mun landsliðið æfa hér heima milli jóla og nýárs og allt þar til það heldur til Þýskalands 3. janúar. Þar munu strákarnir okkar leika gegn Þjóðverjum í Mannheim þann 4. janúar.

Eftir vináttuleikinn gegn Þjóðverjum kemur liðið aftur heim og æfir allt þar til liðið fer á EM þann 9. janúar. Fyrsti leikur liðsins á EM verður laugardaginn 11. janúar gegn Dönum í Malmö.

Selfyssingarnir Haukur, Ragnar Jóhannsson, Bjarki Már, Elvar Örn, Ómar Ingi Magnússon og Teitur Örn á æfingamóti með landsliðinu á seinasta ári. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Katla María í afrekshóp HSÍ

HANDBOLTI Katla María Magnúsdóttir var á dögunum valin í afrekshóp HSÍ, en Arnar Pétursson landsliðsþjálfari boðaði 18 leikmenn til æfinga. Afrekshópurinn samanstendur af leikmönnum sem spila á Íslandi og mun hann koma saman til æfinga í vikunni.



Ljósmynd: UMFS/Inga Heiða

50 keppendur á HSK-móti í taekwondo

TAEKWONDO Árlegt HSK mót í taekwondo var haldið í íþróttahúsinu Baulu á Selfossi 8. desember sl. Ágætis þátttaka var á mótinu, en um 50 keppendur frá Selfossi og Dímon tóku þátt. Allur ágóði af mótinu rann til góðs málefnis og stefnt er að því að svo verði framvegis.

Keppt var í þremur greinum, bardaga, formum og þrautabraut. Samhliða mótinu var haldið beltapróf sem gekk vel og þar voru krakkar frá Selfossi, Dímon og Heklu.

Upplýsingar um verðlaunahafa má sjá á www.hsk.is.

Anný, Guðrún og Guðmundur.

Hartmann, Veigar og Loftur.

Katla, Bergur og Helena.

Verðlaun fyrir ástundun og framfarir veitt á héraðsmóti í júdó

JÚDÓ HSK-mótið í júdó fyrir keppendur 15 ára og yngri var haldið á Selfossi 7. desember. Keppt var í tveimur þyngdarflokkum, í flokki 15 ára og yngri. HSK-meistarar urðu þau Vésteinn Bjarnason og Claudiu Sohan.

Claudiu Sohan og Sara Nugig Ingólfsdóttir fengu verðlaun fyrir ástundun og framfarir. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi verðlaun eru veitt. Þau eru bæði að stíga sín fyrstu skref í U18 og hafa staðið sig vel á þessu ári, auk þess eru þau fyrirmyndir fyrir yngri kynslóðina.

Claudiu og Sara.

Sigríður Ósk nýr framkvæmdastjóri fimleikadeildar

FIMLEIKAR Sigríður Ósk Harðardóttur hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fimleikadeildar Selfoss.

Sigríður Ósk er öllum hnútum kunnug í fimleikaheiminum. Hún hefur þjálfað fimleika í 23 ár, lengst af hjá fimleikadeild Selfoss, bæði meistaraflokk, miðstig og yngri hópa. Sigríður er reynslumikill fimleikadómari og hefur meðal annars tekið alþjóðlegt dómarapróf. Þá hefur hún verið í jólasýningarnefnd fimleikadeildarinnar síðastliðin ár og átt stóran þátt í undirbúningi sýningarinnar. Hún þekkir því alla króka og kima deildarinnar.

Sigríður Ósk tekur við af Bergþóru Kristínu Ingvarsdóttur, sem hefur sinnt starfi framkvæmdastjóra af mikilli alúð undanfarin tvö ár, og hefur hún störf þann 1. janúar næstkomandi. Um leið og við þökkum Bergþóru fyrir vel unnin störf bjóðum við Sigríði Ósk velkomna til starfa.

Sigríður Ósk (t.v.) ásamt Ingibjörgu Garðarsdóttur formanni fimleikadeildar Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Uppskeruhátíð 2019

Hin árlega uppskeruhátíð frístunda- og menningarnefndar Árborgar verður haldin á Hótel Selfossi föstudaginn 27. des. kl. 19:30.

Þar verða afhentir styrkir úr Afreks- og styrktarsjóði Árborgar og íþróttafélaganna, þ.e. Umf. Selfoss, Umf. Stokkseyrar, Íþf. Suðra, Selfoss körfu, Golfklúbbs Selfoss, Hestamannafélagsins Sleipnis og fleiri.

Hvatningaverðlaun veitt, afhentir styrkir fyrir afburðaárangur og tilkynnt kjör íþróttakonu og íþróttakarls Árborgar 2019.

Tónlistaratriði
Ingólfur og Guðmundur Þórarinssynir spila og syngja

Kaffiveitingar í boði.

Hátíðin er öllum opin og allir hjartanlega velkomnir.

Gleðilega hátíð,
Frístunda- og menningarnefnd Sveitarfélagsins Árborgar

Auglýsing

Sveitarfélagið ÁRBORG

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030.
Stækkun íbúðabyggðar sunnan við Selfoss.

Bæjarstjórn Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér stækkun íbúðarsvæðis sunnan Selfoss og er breytt úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði.

Innan skipulagsreitsins er fyrirhugað að rísi íbúðarbyggð með blandaðri húsgerð fjölbýlishúsa, rað-, par- og einbýlishúsa, svipað og gert er ráð fyrir í Björkurstykki og hefð er fyrir á Selfossi. Þá er gert ráð fyrir að leikskóli rísi á svæðinu samkvæmt nánari staðsetningu í deiliskipulagi.

Breytingartillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 19. desember nk. til fimmtudagsins 30. janúar 2020 og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir.

Þeim sem sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til fimmtudagsins 30. janúar 2020.

Skila skal skriflegum athugasemdum á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 , 800 Selfoss.

Virðingarfyllst, Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi

Auglýsing

Sveitarfélagið ÁRBORG

um deiliskipulag Austurvegar 52 – 60a á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Austurvegar 52 – 60a á Selfossi.

Fyrirhugað skipulagssvæði afmarkast af Hrísholti í suðri, Rauðholti í vestri og Austurvegi í norðri. Í austri er afmörkunin við Merkiland og göngustíg á milli Austurvegar og Merkilands.

Byggðin innan svæðisins samanstendur að mestu leyti af 1-3ja hæða iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Með deiliskipulagi þessu er verið að þróa nánar götumynd Austurvegar og nágrennis.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Austurveg 52, 52a og 54 samþykkt 13. október 1993. Fyrirhugað deiliskipulag mun leysa það skipulag af hólmi og ná auk þess austar með Austurveginum eða til og með lóð 60a, sem er lóð undir spennistöð. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Árborgar er skipulagssvæðið skilgreint sem miðsvæði. Markmiðið með deiliskipulagstillögunni er að þróa nánar götumynd við Austurveg og nágrenni, skapa aukið umferðaröryggi, skilgreina afmörkun lóða á svæðinu miðaða við breyttar forsendur, skilgreina byggingarheimildir innan lóða og uppfæra gildandi skipulag fyrir lóðir 52-54. Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem lóðablöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Byggingarnar skulu falla vel að umhverfinu og taka mið af annarri byggð á svæðinu.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 19. desember 2019 til fimmtudagsins 30. janúar 2020. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 30. janúar 2020 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir.

Virðingarfyllst, Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi

Jóla-Bjarni er kominn á stjá.

Jólatréssalan Snæfoksstöðum 2019

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÁRNESINGA 19 40

Opið 7 og 8, 14 og 15., og 21,22 og 23 des.
Opið kl 11-16.

Veljið ykkur tré af Jólatorginu (fura og blágreni) eða höggið ykkar eigin jólafuru í Jólaskóginum.

Seljum einnig: furugreinar, arinvið og hin sívinsælu tröpputré.
Ketilkaffi á bálinu, lummur í skemmunni.

Staðsetning; erum vel merkt rétt neðan við Kerið í Grímsnesi. Aðeins eigin framleiðsla.

Skógræktarfélag Árnesinga 864 1106.
www.Skogarn.is

Jólapakkaþjónusta Leikfélags Hveragerðis og jólasveinanna á aðfangadagsmorgun

Eins og undanfarin ár aðstoða Leikfélag Hveragerðis og Hjálparsveit skáta jólasveinana að dreifa jólapökkum á aðfangadagsmorgun.

Það er mikið að gera hjá jólasveinum um þessar mundir og munu félagar í Leikfélaginu létta undir með þeim bræðrum. Tekið verður á móti pökkum föstudaginn 20. desember í Leikhúsinu frá kl. 19:00 – 22:00. Hvetjum fólk til þess að koma með pakkana í umhverfisvænum pokum.

Verð fyrir 1 pakka er kr. 800, 2 pakka kr. 1.000 og fyrir 3 pakka er það kr. 1.500.

Jólasveinarnir fara svo með pakkana í hús á aðfangadagsmorgun.

Þess má til gamans geta að þetta er líklegast þrítugasti og fimmti aðfangadagurinn, sem Leikfélag Hveragerðis aðstoðar okkur bræður við þetta skemmtilega verkefni.

Jólakveðjur og gleðileg jól.

Hurðaskellir og bræður hans.

Pakkaþjónusta jólasveinanna í Ingólfsfjalli

Eins og áður mun Ungmennafélag Selfoss aðstoða við pakkaþjónustu jólasveinanna fyrir þessi jól en jólasveinarnir hafa lengi séð um að bera út pakka á Selfossi á aðfangadagsmorgun milli kl. 10 og 13.

Tekið er á móti litlum pökkum í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss að Engjavegi 50, á Þorláksmessu kl. 18-21. Gjald fyrir systkinahóp er kr. 2.500.

Ungmennafélag Selfoss

Innviði verður að tryggja með öllum tiltækum ráðum

Bókun á 513. fundi bæjarstjórnar Hveragerðis var í takti við það sem sveitarstjórnarfólk víðar af landinu hefur kallað eftir í kjölfar óveðursins sem gekk yfir landið í síðustu viku. „Í ljósi atburða undanfarinna daga og þess rofs á nauðsynlegri þjónustu sem víða varð vill bæjarstjórn Hveragerðisbæjar taka heilshugar undir þá kröfu íbúa og sveitarstjórnarmanna að lífsnauðsynlega innviði samfélagsins verður að tryggja með öllum tiltækum ráðum um land allt. Björgunarfólk og viðbragðsaðilar um allt land hafa unnið þrekvirki undanfarna daga og fyrir það verður aldrei fullþakkað.“ *-gpp*

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Eyvindartunga í Bláskógabyggð.**
Kynnt er skipulags- og matslýsing sem nær til svæðis ofan og neðan Laugarvatnsvegar þar sem 40 hektarar úr frístundasvæðinu F22 er breytt í svæði fyrir skógrækt en samtímis frístundasvæðið F23 verður stækkað um 16 ha og sett inn nýtt skógræktarsvæði neðan Laugarvatnsvegar, um 15 ha að stærð.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

2. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Árgil í Bláskógabyggð.**
Kynnt er tillaga að breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 vegna Árgils í Bláskógabyggð. Breytingin felst í að hluti verslunar- og þjónustusvæðis VÞ18 sem er um 11 ha að stærð, verður minnkað um 2 ha og þeirri landnotkun breytt í landbúnaðarland.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

3. **Deiliskipulag. Efri-Reykir í Bláskógabyggð. Varmaorkuver**
Kynnt er deiliskipulagslýsing vegna nýs varmaorkuvers til rafmagnsframleiðslu í tengslum við núverandi borholu á jörðinni þar sem áætluð framleiðsla er um 1200 kW. Fyrirhuguð framkvæmd varðar uppsetningu varmaorkuvers til raforkuframleiðslu við borholu ER23 og er ætlunin að nýta hluta varma sem í dag er vannýttur.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagstillögur fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

4. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Fosslækur. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m^2 eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

5. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Miklöldubotnar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m^2 eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

6. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Frægðarver. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 2 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

7. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Rofshólar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki.
Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

8. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Heiðará. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 10 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

9. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Helgaskáli. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 20 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m^2 eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m^2. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

10. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Efri-Kisubotnar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m^2 hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði

11. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Grákollur. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m^2 hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

12. **Kynning á deiliskipulagstillögu. Svínárnes. Fjallaskáli/skálasvæði á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m^2. Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

13. **Kynning á deiliskipulagsbreytingu í Kerlingafjöllum. Afmörkun lóðar við hesthús hjá hálendismiðstöð í Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagsbreytingin mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð fyrir núverandi hesthús en heimilt verður að stækka hesthúsið í allt að 150 m^2.
Á staðnum er rekin ferðaþjónusta og eru mannvirki í eigu rekstraraðila fyrir utan hesthús sem er í eigu Hrunamannahrepps. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem hálendismiðstöð á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

14. **Deiliskipulag. Steinás í Ásahreppi.**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti 20. nóvember 2019, tillögu að deiliskipulagi Steinásss í Ásahreppi. Um er ræða 4,2 ha spildu með tveimur byggingareitum. Á reit R1 verður heimilt að byggja íbúðarhús, skemmu, gróðurhús og gestahús, samtals allt að 700 m^2. Á reit R2 verður heimilt að byggja 4 gestahús allt að 45 m^2 að stærð hvert um sig. Aðkoma að svæðinu er um Ásveg (nr. 275).

15. **Deiliskipulagsbreyting. Iða 2, lóðir 1, 2, 3, 4, 6, 7. Gunnubrekka 1-12. Bláskógabyggð.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti 14. nóvember 2019 breytingar á gildandi deiliskipulagi í landi Iðu, 2 lóðir. Deiliskipulagsbreytingarnar felast í að deiliskipulag er teiknað inn á hnitsettan loftmyndagrunn eftir mælingu Verkfræðistofunnar Eflu. Auk þess er gert ráð fyrir að gatan inn á svæðið verði kölluð Gunnubrekka og lóðanúmer breytast í samræmi við það. Breytingar á stærð og legu lóða ná yfir Gunnubrekku nr. 2, 4, 6, 8, 10 og 12. Breytingar verða á röðun lóða þannig að núverandi lóðir nr. 8, 9, 10, 11, 12 og 13 verða Gunnubrekka 1, 3, 5, 7, 8 og 9.

16. **Deiliskipulag fyrir Nýjadal á Sprengisandsleið, L165352, Ásahreppi.**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti 5. desember 2019 að auglýsa deiliskipulagstillögu, greinargerð/umhverfisskýrslu og uppdrátt fyrir Nýjadal á Sprengisandsleið, nánar tiltekið á Holtamannaafrétti. Skálasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs við mynni Nýjadals sunnan Fjórðungskvíslar. Þá er skálasvæðið innan þjóðlendu. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er um 6 ha að stærð og í um 800 m hæð. Samkvæmt aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Helstu stefnumið deiliskipulagsins eru að staðfesta lóðarmörk og ákvarða byggingarreiti og leyfilegt byggingarmagn fyrir starfsmannahús, gistiskála og aðra þjónustu fyrir ferðamenn.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010

Reykjavegur. Syðri-Reykir 2. Ný aðkoma að lóðum. Aðalskipulagsbreyting.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 1. október 2019 óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin kemur til vegna nýrrar vegtengingar/aðkomu að lóðum/landi Syðri Reykja 2. Jákvæð umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir dags. 3. desember 2019.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagða tillögu Eflu dags. 20. ágúst 2019 að breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, sem óverulega breytingu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Sveitarstjórn telur að tillagan hafi lítil sem engin áhrif vegna landnotkunar og hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til meðferðar og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Laugardælur. Stækkun íbúðasvæðis ÍB1. Aðalskipulagsbreyting.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti 3. desember 2019 óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2019. Breytingin felst í að stækka reit ÍB1 um 0,5 ha sem verður eftir breytingu 8,5 ha að stærð og að heimilt verði að byggja tvö íbúðarhús til viðbótar við þau 8 sem eru tilgreind í gildandi aðalskipulagi.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu dags. 18. október að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Tillagan er talin hafa lítil sem engin áhrif vegna landnotkunar og hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna; blaskogabyggd.is, gogg.is, fludir.is, skeidgnup.is, floahreppur.is, asahreppur.is.

Skipulagslýsingar og tillögur nr. 1 - 13 eru í kynningu frá 18. desember 2019 til 8. janúar 2020, en tillögur nr. 14, 15 og 16 eru í auglýsingu frá 18. desember 2019 til 31. janúar 2020.

Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 - 13 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 8. janúar 2020, en fyrir tillögur nr. 14, 15 og 16, eigi síðar en 31. janúar 2020.

Athugasemdir og ábendingar og skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi, runar@utu.is

Kveðja til Sunnlendinga

Karl Gauti Hjaltason

Þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi

Það er til siðs á þessum árstíma að líta um öxl og rifja upp liðið ár. Fyrir mig sem þingmann Suðurkjördæmis standa ferðir um kjördæmið upp úr. Ég hef kappkostað að fræðast um og kynna mér hið víðfeðma Suðurkjördæmi og er svo lánsamur að hafa fengið að kynnast afreksmönnum á ýmsum sviðum hins sunnlenska samfélags. Þannig hef ég heimsótt bændur sem stunda ólíkan búskap við ýmis konar aðstæður og hitt sjómenn sem stunda allra handa veiðar. Ég hef kynnt mér fyrirtækjarekstur af öllum stærðum og gerðum og komið við í opinberum stofnunum um allt kjördæmið sem gegna mikilvægu hlutverki, hver á sínu sviði.

Álögur á fyrirtæki of háar

Mér er fullljóst hversu harðgerðir og einbeittir íbúar Suðurkjördæmis eru. Lítil fyrirtæki blómstra sem aldrei fyrr sem kostar mikið harðfylgi og dug þeirra sem koma þeim á koppinn, eins og þeir þekkja sem hafa komið nálægt atvinnurekstri.

Álögur á fyrirtæki eru of háar á Íslandi. Flækjur í hinu opinbera kerfi taka of mikinn tíma og orku þeirra sem standa í rekstri fyrirtækja. Þessu þarf að breyta, lækka þarf tryggingagjald til muna og gera mönnum auðveldara að reka sín litlu fyrirtæki svo þeir geti ráðið til sín fleira starfsfólk, gert betur við það í launum og ráðist í fjárfestingar til að hagræða í rekstri.

Árborgarsvæðið hefur vaxið mikið síðustu ár og nýlega var því fagnað að íbúar sveitarfélagsins urðu tíu þúsund.

Því ber að fagna en um leið gerir aukinn íbúafjöldi meiri kröfur til þeirra sem sveitarfélögum stýra sem og til ríkisvaldsins. Hin mikla mannfjölgun kallar á aukna þjónustu á öllum sviðum samfélagsins.

Ný brú yfir Ölfusá og sjúkraflutningar

Stækkandi samfélagi fylgja nýjar áskoranir í þjónustu við íbúana og þar skipa samgöngumálin stóran sess. Brýnt er að flýta byggingu nýrrar Ölfusárbrúar en samkvæmt samgönguáætlun verður hún ekki tilbúin fyrr en þegar vel er liðið á næsta kjörtímabil. Það er óásættanlegur biðtími þar sem núverandi brú frá stríðslokum hefur látið á sjá í áranna rás og var vissulega ekki hugsuð fyrir þann gríðarlega umferðarþunga sem um hana fer í dag.

Aukinn fjöldi ferðamanna um hið magnaða og heillandi Suðurland kallar á gagngera endurskoðun á heilbrigðisþjónustu í fjórðungnum. Einn angi hennar, og það afar mikilvægur, eru sjúkraflutningar. Aðalstarfsstöð sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er á Selfossi. Þjónustusvæðið er um 30.000 km² frá Hellisheiði að Höfn í Hornafirði. Á fimm árum hefur sjúkraflutningum á svæðinu fjölgað um 40%. Á árinu 2018 fóru sjúkraflutningamenn á Suðurlandi í yfir fjögur þúsund sjúkraflutninga. Mikilvægt er að viðbrögð séu snör og sjúkrabílarnir í góðu ástandi.

Eftir langa bið eru framkvæmdir hafnar við byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Selfossi. Ríkisvaldið þarf að klára samninga við þessar stofnanir sem gegna svo veigamiklu hlutverki í samfélaginu.

Öflug lögregla

Lögregluna þarf að efla um land allt en ekki síst í Suðurkjördæmi þar sem flestir ferðamenn stinga niður fæti. Löggæslumenn í landshlutanum vinna gríðarlega gott starf við erfiðar aðstæður. Umferðaróhöpp eru of mörg og efla þarf umferðaröryggi með öllum ráðum.

Ég óska lesendum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Karl Gauti Hjaltason,
þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi,
kgauti@althingi.is.

Þorláksmessuskatan komin í Fiskbúð Suðurlands

Skatan er þannig matur að sumir geta ekki hugsað sér annað en að hefja hátíðarnar með því að fara í skötuveislu. Svo eru það hinir sem vel gætu hugsað sér að banna veiðar og verkun á henni. Skatan er áunninn smekkur sem fólk getur ekki sleppt, sé það á annað borð komið á bragðið. Séu menn óvanir en langi að reyna sig við hana er besta ráðið samkvæmt hjá Fiskbúð Suðurlands að ganga til borðs með opnum hug og láta lyktina ekki plata sig. Tína til það sem þarf af meðlæti eins og rófum, kartöflum og floti eða bráðnu smjeri.

Kæsingin er handverk

Kæsing er gömul aðferð við verkun matvæla. Tíminn sem tekur að kæsa skötuna er misjafn. Það fer eftir veðri og vindum hvernig gengur að kæsa. Vinnsluferlið er hálfgert handverk þar sem hlutirnir þurfa að vera gerðir á ákveðinn hátt svo að besta niðurstaðan fáist. Það er augljóst þegar blaðamaður fær að kíkja inn í kæsingarkörin að vel er vandað til verka og skötulyktin ræðst í nasirnar og minnir á jólin. Aðspurður um hve kæst skatan verði segist vera með alla flóruna. „Þetta er miskæst og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Allt frá því að vera lítið kæst yfir í mjög sterka skötu. Við sjáum það á útlitinu helst hve kæst hún er.“

Alltaf skötuhlaðborð hjá mér

Fisksalinn er að sjálfsögðu spurður hvort hann borði skötu. „Að sjálfsögðu. Ég er alltaf með skötuveislu.“ Aðspurður um hvernig honum finnist best að borða skötuna segir hann: „Hún er best með rófum, kartöflum og tólg. Annars þarf ekkert með skötunni hún er líka góð bara ein og sér.“

-gpp

Kvennanna kjarkur og þor
100 ára saga Kvenfélags Grímsneshrepps

Í tilefni 100 ára afmælis Kvenfélags Grímsneshrepps gaf félagið út bókina *Kvennanna kjarkur og þor*. Félagið fékk í lið með sér Margréti Sveinbjarnardóttur til að skrifa sögu félagsins en hún var einmitt ein af sex höfundum sem voru fengnir til að lesa upp úr bókum sínum í Húsinu á Eyrarbakka á dögunum. Þar las Margrét meðal annars upp úr kaflanum um stofnfund kvenfélagsins, sem var haldinn síðasta vetrardag 24. apríl 1919. Það var húsfreyjan að Kiðjabergi, Soffía Skúladóttir, sem boðaði til fundarins og var hún kosin fyrsti formaður félagsins. Í kaflanum eru einnig hugleiðingar um hvernig unnið var að undirbúningi að stofnun félagsins, hvort Soffía hafi verið ein að vinna að lögum félagsins eða komu fleiri að? Hvernig ætli hafi verið boðað til fundarins, ætli konurnar hafi komið gangandi eða ríðandi á fundinn? Það getur verið áhugavert að reyna að setja sig í fótspor fyrri tíma þar sem ekki voru öflugar samgöngur, sími og hvað þá internet til staðar. Forsendurnar á þeim tíma voru allt aðrar fyrir 100 árum en eru í dag, en í grunninn snýst hlutverk félagsins enn um sama; hið að hlúa að samfélaginu.

Þetta er aðeins brot af því efni sem fjallað er um í bókinni. Bókin er sett upp á skemmtilegan hátt með mörgum myndum, dagbókafærslum, stuttum sögum og öðru sem brýtur upp lesturinn og það virðist sama hversu oft bókin er lesin, það má alltaf uppgötva eitthvað nýtt. Margréti hefur heppnast vel að setja saman skemmtilega og yfirgripsmikla sögu félagsins og vilja félagskonur koma kærri þökk til hennar. Að taka saman söguna á þennan hátt er ómetanlegt fyrir félagið sem og samfélagið í heild sinni því hér kemur fram saga sveitarinnar síðustu 100 ára út frá sjónarhorni kvennanna. Því miður hafa sögur kvennanna í gegnum aldirnar ekki verið nægilega vel dregnar fram en það er allt til bóta með vitund og jafnréttishugsun.

Kvenfélagskonur í Grímsnesi hafa komið að hinum ýmsu málum í samfélaginu á síðustu 100 árum, meðal annars tóku þær þátt í að safna fyrir byggingu Landspítalans, buðu upp á sundkennslu fyrir börn, kostuðu hjúkrunarfræðing til starfa í sveitinni og þrýstu á að bæir í sveitinni yrðu tengdir rafmagni svo að eitthvað sé dregið fram. Í dag eru félagskonur enn öflugar í að styrkja samfélagið. Í byrjun árs afhenti félagið endurhæfingadeild HSU á Selfossi hreyfanlegt handa- og fótahjól sem nýtist meðal annars þeim sem þurfa að fara í blóðskiljun. Einnig hefur félagið styrkt Sjóðinn góða um hálfa milljón á árinu en það er sjóður sem félagið hefur styrkt árlega bæði með ágóða jólabingósins og oft líka með hluta af tombólunni í ágúst. Í ár styrkti félagið önnur félagasamtök innan sveitar þar sem sérstaklega var horft til að efla barna- og unglingastarfið hjá Ungmennafélaginu Hvöt, Leikfélaginu Borg og Hestamannafélaginu Trausta, að auki styrkti félagið Hjálparsveitina Tintron til tækjakaupa því það er mikilvægt að viðbragðsaðilar séu vel útbúnir þegar á reynir.

Gaman er að segja frá því að við getum sannarlega kallað bókina frá a-ö sunnlenska bók því hún var rituð af Sunnlendingi, um Sunnlendinga, sett upp og prentuð af sunnlensku fyrirtæki, Prentmeti, og þökkum við kærlega fyrir þá góðu þjónustu sem við fengum hjá þeim. Bókin er gefin út af Kvenfélagi Grímsneshrepps og er til sölu hjá félagskonum. Ef þú hefur áhuga á að nálgast eintak, ekki hika við að hafa samband við næstu félagskonu eða senda okkur tölvupóst á kvenfel@gmail.com eða í síma 863 7218.

Þökkum kærlega fyrir stuðninginn og samveruna á okkar viðburðum á árinu sem er að líða og óskum ykkur gleðilegra jólahátíðar.

Jólakveðja
Kvenfélag Grímsneshrepps

Kennari óskast við Víkurskóla

Vík í Mýrdal

Víkurskóli Vík í Mýrdal auglýsir stöðu grunnskólakennara til afleysinga, lausa til umsóknar:

Við leitum að kennara sem hefur:
- kennaramenntun og leyfisbréf á grunnskólastigi
- gott vald á íslensku máli
- er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- faglegan metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- vilja til að taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- reynslu og þekkingu af upplýsingatækni í skólastarfi
- brennandi áhuga á að starfa með börnum

Víkurskóli er lítill samkennsluskóli með um 60 nemendur.

Í Víkurskóla er leitast við að búa nemendum hvetjandi námsumhverfi. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti. Víkurskóli er heilsueflandi skóli og vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar, Uppeldi til ábyrgðar. Víkurskóli er jafnframt einn af jarðvangsskólum Kötlu Geopark. Víkurskóli leggur áherslu á að gefa nemendum tækifæri á að taka þátt í erlendu samstarfi, t.d. með þátttöku í Erasmus+ verkefnum. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Staðan er laus frá og með **1. janúar 2020**

Umsóknarfrestur er til og með **23. desember 2019**

Umsóknir skulu sendast á netfangið **skolastjori@vik.is**

Nánari upplýsingar veitir Elín Einarsdóttir skólastjóri í síma 4871242 /7761320,
jafnframt heimasíða skólans **www.vikurskoli.vik.is**

Víkurskóli

Vinningshafar í jóla-sögusamkeppninni

Bókakaffið og Dagskrá-in efndu til jólasögu-samkeppni. Í keppnina bárust um 10 sögur. Þær sem urðu hlutskarpastar að þessu sinni var sagan „Annasamur að-fangadagur," sem lenti í fyrsta sæti. Söguna skrifaði Brandur Jón Guðjónsson. Í öðru sæti var saga eftir Jón Özur Snorra-son sem bar nafnið „Brynjólf-ur bærði varirnar". Að launum hlutu keppendur bókaverðlaun frá Bókakaffinu og bókaútgáf-unni Sæmundi. Verðlaunin voru eintak af geysivinsælli bók sem nefnist *Kindasögur* og hefur farið með himinskautum síðan hún kom út. Við þökkum öll-um keppendum sem tóku þátt í keppninni fyrir innsendar sögur.

Brandur Jón Guðjónsson.

Þá óskum við vinningshöfum til hamingju með glæsilegan vinn-ing og góðar sögur. *–gpp*

Vinningshafi ljósmyndakeppni Dagskrárinnar og Origo

Efnt var til ljósmyndakeppni á vegum Dagskrárinnar. Vinninginn gaf Origo. Í vinn-ing var glæsileg Canon EOS M100, spegillaus myndavél með útskiptanlegri linsu. Vinnings-myndin var svo notuð framan á jólablað Dagskrárinnar.

Alls bárust yfir 100 myndir í keppnina og margar afar fallegar. Sú sem hreppti verðlaunin að þessu sinni var vetrarmynd eftir Hjört Leví Pétursson. Myndin er tekin á dróna yfir Þrasta-skógi í Grímsnesi. Hjörtur Leví hefur verið að geta sér gott orð sem drónamyndatökumaður að undanförnu. Þá segist hann vera byrjaður að taka myndir af jörðu niðri undanfarið. Myndin prýðir forsíðu jólablaðs Dagskrárinnar. Við óskum Hirti til hamingju

Hjörtur Leví Pétursson.

með vinninginn og þökkum þeim keppendum sem sendu inn myndir í keppnina. *–gpp*

Jólasveinar litu við á torginu við Pylsuvagninn á Selfossi

Þó kalt væri í veðri létu börn og fullorðnir það ekki á sig fá þegar tekið var á móti jóla-sveinunum þegar þeir komu yfir brúna. Sveinarnir fengu að venju far yfir brúna með bíl frá Guðmundi Tyrfingssyni. Þegar allir voru búnir að fá sér yl í kroppinn með heitu kakói sungu hittu sveinarnir krakk-ana á leið sinni á sviðið þar sem þeir sungu nokkur jólalög.

Jólaguðspjall sauðfjárbónda

En svo bar til um þessar mundir, að boð kom frá Búnaðarsambandi Suðurlands, um að skrásettir hefðu verið hrútar á stöð. Upphófst þá mikið fát meðal búa allra sem æddu um í reiðileysi þar sem ekki var opinbert orðið bókfell það er Hrútaskrá nefnist. Var að lokum sendur maður helgur að sækja steintöflur þær sem hin heilaga vitneskja var rituð á. Dreifðust þær fljótt og vel út um sveitir og brátt voru flest orðin sérfróð, að eigin mati, um efni þeirra. Létu bændur ekkert tækifæri ónotað til að setjast á rökstóla og ræða efni arkanna, tölfræði, bringu, útlögur og BLUP hinna heilögu skepna.

Fóru þá og í hópferð bændur og búalið víðsvegar úr sveitum til borgar Kjartans Björnssonar, hvar þeir versluðu í Pylsuvagninum og héldu svo til athugunar á skepnum þeim er fyrr voru nefndar. Tók þar á móti þeim Páll postuli og leiddi um húsakynni og kynnti valkosti hátíðar frjósemi, ljóss og friðar. Bændur þukluðu, hummuðu og höuðu, settu upp svip spekingslegan og ályktuðu hver með sínu neftóbaksnefi.

Þegar athuganir höfðu verið gerðar að vild var haldið til síns heima og hafist handa við endurtekinn lestur taflanna og áframhaldandi rökræður. Þóttust menn nú geta rætt málin af töluvert meiri sérfræðiþekkingu, þar er sjón er vissulega sögu ríkari. Fylgdu þessu jafnan andvökunætur, valkvíði og almenn angist hin alvarlegasta.

Er nær dregur þeim tíma er samkvæmt tímatali nefnist hrútmál fer fiðringur að læsast í þær tvær dýrategundir er nefnast annars vegar hrútar og hins vegar bændur. Eru þá enn ónefndar ærnar sem finna knýjandi þarfir náttúrunnar freyða um líkamann. Gegna nokkrar því kalli með þeirri fornu siðvenju að planta sér á hrútakofaveggi og senda bændum biðjandi augnaráð og bíða og vona að ástmögrunum verði út hleypt. Vissulega er mótstöðuafl bænda orðið með veikara móti og oftar en ekki nýta þeir skjól myrkurs og skammdegis til þess að koma á leyndum ástarfundum milli gimbrar og hrúts. Ef elskendurna vantar aðstoð til verknaðarins stendur iðulega ekki á mennskri hjálparhönd.

Í fyllingu þess tíma er almenningur nefnir aðventu rennur upp ein hinna helgari stunda til sveita; sæðingar. Eftir andvökunætur og yfirlegu hinnar helgu bókar eru sanntrúaðir oftar en ekki búnir að heita á ákveðinn guð og sverja honum hollustueið, þó svo að fjölgyðistrú sé í hávegum höfð. Dagarnir hefjast á því að æðsti prestur hefur samband við mekka sinnar trúar og leggur inn pöntun á hinu heilaga sæði sem hann óskar að hljóta á þeim degi. Því næst er hinum hefðbundnu skyldustörfum komið af á sem léttastan og löðurmannlegastan hátt. Alvaran tekur við þegar fórnardýrið er sótt í hrútakofann. Þéttofnum kaðli er brugðið um horn þess og það teymt að blótstalli, sem raunar er hópur þeirra úrvals áa sem bærinn hefur yfir að ráða. Þar er fórnardýrið leitt milli systra sinna af sömu tegund til uppgötvunar á líkamlegu ástandi þeirra, löngunum og þrám. Sýni einhver þeirra honum ótilhlýðilegan áhuga skal stjórnandi athafnarinnar hinsvegar snarlega kippa í kaðalinn svo holdlegt samræði geti ekki átt sér stað. Ánni er ætlað annað hlutskipti.

Er leit þessari er lokið fær fórnardýrið í einstöku tilfelli umbun erfiðis síns með náinni nálgun við eina á sem í réttu ástandi er. Oftar en ekki er það þó flutt heim án þess að fá svalað þeim fýsnum sem bíða skulu betri tíma. Hinar blæsma skepnur eru fluttar í sérstakan geymslustað þar sem þær bíða hápunkts helgiathafnarinnar og undirbúa sig með hugleiðslu og innri hreinsun. Bændurnir senda þá úr sínum flokki hinn útvalda til pílagrímsfarar þeirrar, að sækja hinn heilaga lífsvökva. Er sendiboðinn snýr aftur úr óvissuför sinni - sem oftar en ekki er bæði tvísýn og hættuleg þar sem ferðalög eru hæpin iðja að vetri til og þar fyrir utan er allendis óvíst að skrínið komist á réttan áfangastað á réttum tíma - er fjandinn laus.

Mynd: Pálmi Bjarnason

Bændur þjóta þá upp til handa og fóta og oft vilja gleymast hinir fornu siðir helgiathafnarinnar, það er, að hafa hægt um sig. Blessun hinna útvöldu skepna er þá dreift jafnt á hinar blæsma ær er valdar eru af fullkominni nákvæmni til klaufa þeim er bestur er talinn í samkrull með hverri fyrir sig. Þetta atferli gengur um kvart úr viku og stundum lengur.

Er þessum kafla lýkur hefst annar ekki síðri, sá er nefndur er tilhleypingar. Halda þá bændur enn einbeittir til beitarhúsanna. Upphefjast þar aðrar eins bollaleggingar og áður hafa verið viðhafðar um skiptingu og skyldleikaræktun, lengd, lit, háfætni, læpuhátt og styggð. Eftir dágóða stund og heilmörg orð eru línurnar loks lagðar fyrir komandi tíma. Ærnar eru komnar í ákveðin hólf og bíða þess að hátíðin gangi í garð. Bændur halda heim vopnaðir köðlum og kerrum í tilgangi einum, að sækja hrúta.

Hinir þrautpíndu kynbótahrútar sem árið um kring hafa ekkert þráð heitar en blæsma kindur fyllast nú óumræðilegum eldmóði og fögnuði. Er þeir hafa verið fluttir til hinna helgu véa gleyma þeir öllum siðum og venjum og þeysast út á völlinn líkt og Íslendingar í ameríski verslunarmiðstöð. Bændurnir fylgjast brosandi með og bíða eftir hinum heilaga hnykk, sem er uppspretta nýs lífs.

Um það leyti sem hápunkti þessara ástarleikja er náð, kumr og hnykkir fylla fjárhús og grunnurinn er lagður að nýjum lífum og fæðuöryggi, hringja kirkjuklukkur. Hugur heimsbyggðarinnar reikar í annað og fjarlægara fjárhús, hvar eflaust hefur verið hleypt til eins og hér. Menn gleðjast yfir lífi sem fæddist og dó fyrir fólkið, rétt eins og sauðkindin hefur gert fyrir Íslendinga frá ómunatíð. Hátíð ljóss og friðar er gengin í garð.

Textinn birtist fyrst í skó Rökkva Hljóms Kristjánssonar fyrir jólin 2014.

Harpa Rún Kristjánsdóttir,
skáld og búandakerling.

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps – útgáfa

Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir aðila til að taka að sér útgáfu fréttabréfs fyrir sveitarfélagið.

Fréttabréfið er gefið út einu sinni í mánuði að júlí undanskildum og er því ætlað að miðla upplýsingum til íbúa sveitarfélagsins og annarra um þjónustu, fréttir og helstu viðburði í sveitarfélaginu. Fréttabréfinu er dreift án endurgjalds á öll heimili í sveitarfélaginu. Upplag 300-350 eintök. Áskrift er seld til íbúa utan sveitarfélagsins. Birting er á heimsíðu sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri. Sími 486 6100 netfang kristofer@skeidgnup.is. Á það netfang sendist umsóknir eigi síðar en 30. desember næstkomandi.

Æskilegt er að umsóknum fylgi hugmyndir um útgáfuna og gjaldtöku fyrir hana.

Sveitarstjóri

Nokkur orð frá Héraðsskjalasafni Árnesinga um jólin

Fjölskyldan í Smáratúni 15 á Selfossi. F.v.: Ágústa Þórhildur Sigurðardóttir (08.08.1930-29.04.2009), Guðmundur Sigurðsson (15.07.1950-), Ingvi Hrafn Sigurðsson (18.05.1952-) og Sigurður Guðmundsson (26.05.1930-15.02.2012). Neðri röð f.v.: Sesselja Sigurðardóttir (03.01.1955-) og Sigurður Þór Sigurðsson (13.10.1957-).Mynd: Jóhann Þór Sigurbergsson.

Nú minnir svo ótal margt á jólin og það á líka við ef litið er í safnkost Héraðsskjalasafns Árnesinga. Það þarf ekki annað en að grípa niður í jólaprédikanir sr. Guðmundar Óla Ólafssonar eða sr. Sigurðar Pálssonar til að finna jólaandann hellast yfir sig en oft eru það hversdagslegu hlutirnir sem gleðja jólabarnið í manni hvað mest.

Skemmtilegt er að líta í þær dagbækur sem varðveittar eru á skjalasafninu og lesa línur sem fólk hripar niður um jólin. Guðlaug Lýðsdóttir í Skeiðháholti skrifar t.d. 25. desember 1917; „Í gærkvöld höfðum við sætsúpu og smurt í morgun nýja soðningu við sama borð.“ Nú á tímum þætti mörgum óskemmtilegt að fá soðinn fisk á jóladagsmorgun en árið 1917 þótti nýmetið hinn mesti veislumatur á þessum árstíma. Gaman er líka að lesa færslu Odds Oddssonar gullsmiðs í Regin á Eyrarbakka en hann segir þann 25. desember 1932:

„Þessi jóladagur er einn hinn besti sem ég hef lifað. Allt er viðhafnarlítið en hlýjan andar að mér, frá mínum, í hvívetna. Anna mín og drengirnir voru hér hjá okkur um jólin, var það ósegjanleg ánægja að hafa þau við góðum vistum hlaðið jólaborðið. Og svo öll að geta hlýtt á guðsþjónustu í útvarpinu.“

Í þessum orðum Odds kristallast hinn sanni andi jólanna. Jólin eru hvað best þegar við finnum fyrir jólafrið í samvistum við okkar nánustu og ekki er verra ef það er eitthvað gott í matinn. Fyrst minnst er á mat er ekki úr vegi að ræða um allar heimildirnar sem til eru um jólamat og finna má í uppskriftabókum og fleiri gögnum sem varðveitt eru á héraðsskjalasafninu. Hagsýni hefur lengi þótt dyggð við jólaundirbúninginn og heimilishald almennt, ekki síst á haftaárunum í kringum miðja síðustu öld. Á þeim tíma var ekki nægilegt framboð af innfluttri matvöru til heimilanna í landinu sem gerði jólabaksturinn erfiðari. Spara þurfti sykurinn og hveitið mánuðina fyrir jól til þess að eiga nægt magn fyrir jólahátíðina. Fröken Helga Sigurðardóttir skólastýra Húsmæðrakennaraskóla Íslands flutti útvarpserindi um efnið þann 13. desember 1939 og er handrit erindisins varðveitt á Héraðsskjalasafni Árnesinga ásamt öðrum skjölum Helgu. Þar gefur Helga húsmæðrum góð ráð til þess að spara innfluttu hráefnin við jólabaksturinn og hvetur t.d. húsmæður til þess að drýgja hveitið við kleinubaksturinn með því að nota kartöflur, baka rúgmjölstertu og nota rabarbararúsínur í jólakökuna. Að endingu segir Helga þessi orð:

„Ef þið farið eftir mínum leiðbeiningum og eruð hagsýnar við matartilbúning og jólabaksturinn, þá mun ykkur húsmæðrum engu síður en áður takast að gera jólin börnunum ykkar hátíðleg, því sérhver góð móðir gerir allt sem í hennar valdi stendur og efni og ástæður leyfa, til þess að undirbúa jólin sem best. En kökurnar einar gera ekki jólin hátíðleg, heldur verða einnig öll híbýli að vera sópuð og prýdd, hrein og fáguð, eftir því sem föng eru á.“

Orð Helgu endurspegla tíðarandann á skemmtilegan hátt og við vonum að sjálfsögðu að húsfeður nútímans leggi einnig sitt af mörkum til þess að gera jólin hátíðleg, ekki síður en húsmæðurnar. Það sem er þó jólalegast af öllu á skjalasafninu eru að sjálfsögðu ljósmyndirnar. Þær má skoða á vefnum www.myndasetur.is og gaman getur verið að slá inn leitarorðin jól, jólaskemmtun, jólasveinn o.s.fr. og láta hugann reika til jóla fortíðarinnar.

Til þess að gleðja lesendur höfum við ákveðið að birta hér með greininni einstaklega jólalega uppskrift úr safni Helgu Sigurðardóttur af köku-jólatré sem við hvetjum sem flesta til að baka. Fyrir þá sem eru áhugasamir um gamlar jólauppskriftir bendum við á að inni á síðu Héraðsskjalasafnsins www.myndasetur.is undir liðnum „miðlun“ má finna fleiri jólauppskriftir sem við höfum tekið saman úr safnkostinum og verða til sýnis á vefnum út desember.

Köku-jólatré

100 gr. smjörlíki
400 gr. heilhveiti
125 gr. púðursykur
1 tsk. kanel
1 tsk. kókó
2 tsk. hjartarsalt
1 tsk. Royal lyftiduft
2 ¼ - 2 ½ dl súrmjólk

Í hveitið er blandað hjartarsalti, lyftidufti, kanel, kókó og sykri, smjörlíkið mulið í og vætt í með mjólkinni. Hnoðað með fljótum handtökum því deigið má ekki vera seigt eða sundurlaust.

Pappír er klipptur út í stjörnur með fimm laufum á, með kringlóttu gati í miðjunni. Sú stærsta þarf að vera um 25 sm Í þvermál, svo eiga þær að fara minnkandi um 2-3 sentimetra þangað til síðasta stjarnan verður um 5 sm í þvermál eða jafnvel minni. Hvað þvermálið á efstu og neðstu stjörnunni er mikið fer auðvitað eftir því hversu hátt jólatréð á að vera.

Deigið breitt út í ½ sm þykka köku. Kakan er látin á smurða plötu og pappírsstjörnurnar lagðar ofan á og deigið skorið út eftir þeim. Allar úrklippurnar eru svo breiddar út aftur og úr þeim eru svo búnir til hringir með gati í miðjunni af sömu stærð og á stjörnunum. Hringirnir verða að vera misstórir. Bakað við góðan hita. Í köku-jólatré verður maður auðvitað að hafa stoð. Nota má flatan kertastjaka með háu kerti í, en götin á hringjunum og stjörnunum verða að vera mátuleg fyrir kertið. Einnig má hafa kringlótt prik sem þá er fest niður á flata spýtu, sem stendur vel á borðinu, og klæða það með grænum pappír. Kökunum er raðað þannig á að fyrst er látin stærsta stjarnan, svo tveir hringir, síðan næsta stjarna og hringir koll af kolli þangað til allt er búið. En nauðsynlegt er að hafa alltaf tvo hringi á milli hverrar stjörnu. Jólatré þetta má svo skreyta með jólasveinum, konfekti og öðru smávegis, jafnvel má setja á það smákerti.

Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður

Jólaskemmtun Sláturfélags Suðurlands og Mjólkurbús Flóamanna. Mynd: Jóhann Þór Sigurbergsson.

Skógasafn á tímamótum

Árið sem er að líða er búið að vera viðburðaríkt í starfsemi Skógasafns. Á árinu fagnaði safnið 70 ára afmæli en það var fyrst opnað almenningi til sýningar 1. desember 1949. Efnt var til veglegrar afmælishátíðar þar sem opnuð var ný sýning um 70 ára sögu safnsins og Skógaskóla. Þá var sýning Slysavarnarfélagsins Landsbjargar uppfærð og haldið var áfram með viðhaldsframkvæmdir í húsasafninu. Einnig var unnið að fornleifauppgreftri við Arfabót á Mýrdalssandi en Skógasafn hefur stutt þá rannsókn frá árinu 2017.

Sýning Landsbjargar uppfærð

Í byrjun ársins var hafist handa við að endurskipuleggja sýningu Landsbjargar í Samgöngusafninu í Skógum. Lengi hefur staðið til að setja upp björgunarstól og sýna hvernig hægt er að bjarga skipsbrotsmönnum úr sjávarháska með þeirri aðferð. Nokkrir vaskir sjálfboðaliðar og björgunarsveitarmenn úr Björgunarsveit Víkverja lögðu fram aðstoð sína við tilfærslu á ökutækjum sem eru mörg hver í stærra lagi. Þar má nefna Dodge Weapon Carrier sem notaður var sem stjórnstöð hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík ásamt Dodge Power Wagon frá Björgunarsveitinni Eldey. Hinum síðarnefnda var stillt upp og notaður sem akkeri fyrir björgunarstólinn. Að lokum var snjóbíl frá Björgunarsveitinni Víkverja komið fyrir á sýningunni ásamt tveimur snjósleðum úr eigu safnsins sem báðir hafa verið notaðir við björgunarstörf. Slysavarnafélagið Landsbjörg er einn samstarfsaðili Samgöngusafnsins og hefur verið það frá árinu 2008.

Fornleifauppgröftur við Arfabót á Mýrdalssandi

Á árinu hélt rannsóknin í Arfabót áfram en undir því nafni gengur rúst býlis sunnarlega á Mýrdalssandi, skammt vestur af byggðinni í Álftaveri. Uppgröfturinn var eins og áður undir stjórn Bjarna F. Einarssonar. Guðrún Helga Jónsdóttir, fornleifafræðingur og starfsmaður Skógasafns, tók þátt í uppgreftrinum eins og undanfarin ár.

Uppgröfturinn stóð yfir í tvær vikur í júlímánuði. Mikill laus sandur er á svæðinu og setti sandfok strik í reikninginn suma dagana. Í ár var grafið úr fjórum rýmum með það að markmiði að kanna hversu langt bæjarröðin náði. Ekki er hægt að segja að svo stöddu hvaða tilgangi öll þessi rými hafi þjónað en vafalaust hefur eitt þeirra verið eldhús. Í því fannst eldstæði eða ofn með soðsteinum, viðarkolum, sóti og ösku. Bærinn fór líklega í eyði á 15. öld í kjölfar Kötlugosa eins og fleiri bæir á Mýrdalssandi og í Álftaveri. Fornleifarannsóknin við Arfabót mun veita betri innsýn inn í sögu síðmiðalda á Suðurlandi og auka við vitneskju um miðaldabæi og áhrif Kötlugosa á byggð svæðisins.

70 ára afmæli Skógasafns

Árið 2019 er merkisár í sögu safnsins en í ár eru 70 ár liðin frá því að Byggðasafn Rangæinga var fyrst opnað almenningi til sýningar í nýbyggðum Skógaskóla. Árið 1952 gerðist Vestur-Skaftafellssýsla aðili að safninu og sama ár fékk safnið að gjöf áttæringinn Pétursey frá Jóni Halldórssyni kaupmanni í Suður-Vík og mágkonu hans Ágústu Vigfúsdóttur. Þá var orðið ljóst að safninu var ekki sniðinn stakkur eftir vexti. Árið 1954 var hafist handa við byggingu á fyrsta safnhúsi safnsins sem var klárað ári síðar. Nýja safnhúsið var að hluta byggt utan um áttæringinn Pétursey. Síðan þá hefur safnið og starfsemin vaxið ört.

Afmælishátíð Skógasafns var haldin í Skógaskóla þann 15. september síðastliðinn. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setti hátíðina og ávörp fluttu Ingvar P. Guðbjörnsson formaður stjórnar Skógasafns, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, formenn Héraðsnefnda Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu og forstöðumaður Skógasafns. Að lokum fluttu Smári Ólason, rannsakandi og starfsmaður Skógasafns, ávarp ásamt Þórði Tómassyni fyrrum safnstjóra. Þá gafst gestum tækifæri að skoða nýja sýningu um Skógaskóla, sem einnig fagnar 70 ára afmæli á árinu. Því næst opnaði Sigurður Ingi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nýja sýningu um sögu Skógasafns í Samgöngusafninu. Þá var boðið upp á kaffiveitingar og lék Valborg Ólafsdóttir ásamt hljómsveit fyrir gesti. Meðlimir Fornbílaklúbbs Íslands og Bifreiðaklúbbs Suðurlands létu sig ekki vanta og röðuðu upp fornbílum til sýnis fyrir utan Samgöngusafnið. Afmælishátíðin gekk vel fyrir sig og ánægjulegt var að sjá hversu margir mættu eða tæplega 200 manns. Sýningin um sögu safnsins verður áfram til sýnis í Samgöngusafninu um nokkurn tíma.

Endurbætur í húsasafni

Torfbæir sem prýða safnið í Skógum koma víða að úr Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Fyrsta torfbyggingin sem flutt var á safnasvæðið var skemma frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum, hlaðin af Sigurði Jónssyni (1776-1862) langafa Þórðar Tómassonar fyrrum safnstjóra. Skemman var færð á safnasvæðið árið 1968 og endurhlaðin ári síðar. Frá þeim tíma hefur hún fengið lítið viðhald og komið var að töluverðu viðhaldi. Stafverk var komið á skjön og mænisásinn var brotinn á tveimur stöðum. Sigurjón Eyjólfsson umsjónarmaður fasteigna Skógasafns og Þorsteinn Jónsson garðyrkjuverktaki sáu um verkið.

Áður en hægt var að hefja framkvæmdirnar þurfti að tæma gripi úr skemmunni og koma þeim í öruggt skjól. Það reyndust vera tíu fullar kerrur af munum sem fluttar voru í geymslu. Talið var nauðsynlegt að taka allt torf og þakhellur af þakinu áður en hægt væri að rétta stafverkið af og laga mænisásinn. Við nánari athugun kom í ljós að hægt var að tjakka upp þakhellur og sperrur og rétta burðarvirkið af með því lagi. Skorið var torf eftir burst þaksins að endilöngu til að komast að mæninum og var hann lagfærður. Því næst var norðurgafl skemmunnar lagfærður með svipuðum hætti, torf var skorið frá og fúnum spýtum skipt út. Vel tókst til og skemman frá Varmahlíð er nú betur á sig komin. Framkvæmdin var styrkt af Húsafriðunarsjóði.

Starfsemi safnsins hefur verið fjölbreytt að venju og árið hefur verið viðburðarríkt. Sé litið til baka yfir árið má segja að afmælishátíð safnsins standi upp úr. Gestakomur hafa að venju verið tíðar og mikil fjölgun var á íslenskum gestum á árinu sem komu flestir yfir sumarmánuðina. Á þessum lokaorðum vil ég óska Sunnlendingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gleðilegs nýs árs.

Andri Guðmundsson
forstöðumaður Skógasafns

Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi hreinsistöðvar í Hveragerði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. desember 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi hreinsistöðvar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Deiliskipulagssvæðið, sem staðsett er sunnan Suðurlandsvegar og austan Þorlákshafnarvegar, afmarkast af helgunarsvæði Suðurlandsvegar til norðurs, Varmá til austurs, landi Öxnalækjar til suðurs og athafnasvæði við Vorsabæ til vesturs. Tillagan felur m.a. í sér breytingu á deiliskipulagsmörkum og aðkomu að svæðinu.

Breytingartillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og er þar til sýnis frá og með föstudeginum 20. desember 2019 til föstudagsins 31. janúar 2020. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi mánudaginn 3. febrúar 2020, annaðhvort á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða í tölvupósti á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember sl. að auglýsa eftirfarandi deiliskipulagstillögur, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lambafell – Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða nýtt deiliskipulag, um 6,0 ha að stærð, fyrir hluta jarðarinnar Lambafell L163699 og Lambafell lóð 8 L200484. Skilgreind verður ein ný lóð, Lambafell 2 þar sem áformað er að reisa hótel með allt að 60 herbergjum fyrir allt að 130 gesti ásamt gestamóttöku, veitingasölu, aðstöðu fyrir starfsmenn auk heilsulindar. Lambafell lóð 8 verður stækkuð og útbúnir tveir byggingarreitir. Á byggingarreit B-01 er gert ráð fyrir 25 smáhýsum til útleigu með heildarbyggingarmagni allt að 350 m2 og gistirými fyrir allt að 50 manns. Á byggingarreit B-02 stendur gamla bæjarhúsið sem verður nýtt sem þjónustumiðstöð. Einnig verður heimild fyrir stækkun gamla íbúðarhússins um allt að 50 m2. Að auki er gert ráð fyrir allt að 50 m2 aðstöðuhúsi og baðaðstöðu.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 18. desember 2019. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 29. janúar 2020. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi. Ath. fundur 24. og 31. des. kl. 12 á hádegi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hverageðri, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands
Miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
492 1944 - dfs@dfs.is

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir, spegla og fleira.
Annast einnig sólpallasmíði.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

ATVINNA

Starfsfólk óskast í afgreiðslu- og þjónustustörf í nýju bakarí á Selfossi.
Upplýsingar í síma
847 4273
GK BAKARÍ

KIRKJUR

Selfosskirkja
Verið öll hjartanlega velkomin til styttri guðsþjónustu í Selfosskirkju 22. desember kl. 11. Kirkjukór Selfosskirkju syngur fallega jólasálma við undirleik Esterar Ólafsdóttur. Sr. Gunnar Jóhannesson leiðir stundina og flytur hugvekju.
24. desember, aðfangadagur jóla. Aftansöngur kl. 18:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár. Prestur Axel Árnason Njarðvík.
24. desember. Helgistund kl. 23:30. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár. Jóhann I. Stefánsson spilar á trompet. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
31. desember, gamlársdagur. Aftansöngur kl. 17:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Villingaholtskirka
25. desember, jóladagur. Hátíðarmessa kl. 11:00 í Villingaholtskirkju. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur Gunnar Jóhannesson.

Laugardælakirkja
25. desemerber, jóladagur. Hátíðarmessa kl. 13:00 í Laugardælakirkju. Organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur Gunnar Jóhannesson.

Hraungerðiskirkja
26. desember, annar dagur jóla Hátíðarmessa kl. 11:00 í Hraungerðiskirkju. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur Axel Árnason Njarðvík.

Fossheimar
26. desember, annar dagur jóla Helgistund á Hjúkrunarheimilinu Fossheimum kl. 13:00. Organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur Axel Árnason Njarðvík.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 21. des. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Með ræðu verður Gavin Anthony. Verið velkomin.
Aftansöngur 24. desember kl. 16.00. Syngjum hátíðina saman inn. Verið velkomin.
Aðventsöfnuðurinn óskar öllum Sunnlendingum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og guðs blessunar.
28. desember, síðasti hvíldardagur ársins, er biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Með ræðu verður Eric Guðmundsson. Verið velkomin.

Kálfholtskirkja
24. des. Aftansöngur á aðfangadag kl. 16.00.

Árbæjarkirkja
25. des. Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 11.00 f.h.
31. des. Sameiginleg áramótaguðsþjónusta fyrir prestakallið kl. 14.00.

Marteinstungukirkja
25. des. Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 14.00.

Skarðskirkja
25. des. Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 16.00.

Kirkjubæjarklausturs-prestakall
18. desember. Jólaguðsþjónusta á Klausturhólum klukkan 14:00.
24. desember. Miðnæturmessa í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar klukkan 23:30.
25. desember. Hátíðarguðsþjónusta í Prestbakkakirkju klukkan 14:00.
25. desember. Hátíðarguðsþjónusta í Grafarkirkju klukkan 16:00.
26. desember. Hátíðarguðsþjónusta í Þykkvabæjarklausturskirkju klukkan 14:00.

Þorlákskirkja
Aðfangadaur jóla 24. desember. Aftansöngur kl. 18.00. Kór Þorlákskirkju syngur. Organisti Ester Ólafsdóttir. Guðmundur Brynjólfsson djákni þjónar.

Hjallakirkja
Annar dagur jóla 26. desember. Hátíðarguðsþjónusta kl. 13.30. Kór Þorlákskirkju syngur. Organisti Ester Ólafsdóttir. Prestur sr. Arnaldur A. Bárðarson

Strandarkirkja
Annar dagur jóla 26. desember. Hátíðarguðsþjónusta kl. 15.00. Kór Þorlákskirkju syngur. Organisti Ester Ólafsdóttir. Prestur sr. Arnaldur A. Bárðarson

Stóra-Núpskirkja
Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í Stóra-Núpskirkju kl. 23.

Hrunakirkja
Hátíðarmessa á jóladag, 25. des. kl. 11.

Ólafsvallakirkja
Hátíðarmessa á jóladag 25. des. kl. 14.

Hrepphólakirkja
Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld 25. des. kl. 22.

Tungufellskirkja
Guðsþjónusta á gamlársdag kl. 14. Forsöngvari, aðeins örfá sæti laus.

Stóra-Núpskirkja
Aftansöngur á gamlársdag kl. 16.

Stokkseyrarkirkja
Aðfangadagur jóla 24. desember. Aftansöngur kl. 18.00. Kór Stokkseyrarkirkju syngur. Organisti Haukur Arnarr Gíslason. Prestur sr. Arnaldur A. Bárðarson.

Eyrarbakkakirkja
Aðfangadagur jóla 24. desember. Aftansöngur kl. 23.30. Kór Eyrarbakkakirkju syngur. Organisti Haukur Arnarr Gíslason. Prestur sr. Arnaldur A. Bárðarson.

Gaulverjabæjarkirkja
Jóladagur 25. desember. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00. Kór Gaulverjabæjarkirku syngur. Organisti Haukur Arnarr Gíslason. Prestur sr. Arnaldur A. Bárðarson.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Aðfangadagur jóla 24. desember. Hátíðarsamkoma kl. 16:30.
Sunnudagur 29. desember. Vitnisburðarsamkoma kl. 11:00.

Sólheimakirkja
Hátíðarguðsþjónusta á aðfangadag kl. 17.00. Sr. Kristján Valur Ingólfsson biskup annast prestsþjónustuna. Organisti er Elísa Elíasdóttir.
Hátíðarguðsþjónusta á gamlársdag kl. 17.00. Sr. Hannes Örn Blandon annast prestsþjónustuna. Organisti er Ester Ólafsdóttir.

Miðdalskirkja í Laugardal
Hátíðarguðsþjónusta í Miðdalskirkju á jóladag kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur annast prestsþjónustuna. Söngkór Miðdalskirkju syngur. Organisti er Jón Bjarnason.

Þingvallakirkja
Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 14.00. Sr. Kristján Björnsson, Skálholtsbiskup, annast prestsþjónustuna. Organisti er Hilmar Örn Agnarsson. Björg Þórhallsdóttir syngur.
Hátíðarmessa á nýársdag kl. 14.00. Sr. Kristján Björnsson, Skálholtsbiskup, annast prestsþjónustuna. Organisti er Ester Ólafsdóttir.

Stóruborgarkirkja Grímsnesi
Hátíðarguðsþjónusta á annan í jólum 26. desember kl. 13.30. Ath. breyttan messutíma. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti er Jón Bjarnason. Söngkór Miðdalskirkju syngur.

HEILSA

Hugurinn, líkaminn og sálin
Jákvæðar hugsanir breyta deginum
Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Núvitund
Sími 6932197
Ragnhildur Sigurðardóttir
Cand.mag í þróttafræðum
Jákvæð sálfræði
Ham, Yoga, NLP Master/Coach
www.thesunflower.is

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun
Áttund
Gjafabréf
Ragnhildur Sigurðardóttir
sími 693 2197
Cand.mag. í þróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

Skálholtsdómkirkja
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00 á 4. sunnudegi í aðventu og rétt fyrir jól. Umsjón sr. Axel Á. Njarðvík héraðsprestur, Bergþóra Ragnarsdóttir, djáknakandídat og Jón Bjarnason organisti. Smákökur og heitt súkkulaði í gamla biskupshúsinu í lokin. Verið velkomin.

Aftansöngur með hátíðasöngvum á aðfangadagskvöld kl. 18.00. Sr. Kristján Björnsson, Skálholtsbiskup annast prestsþjónustuna. Félagar úr Skálholtskórnum syngja. Sungnir hátíðasöngvar Bjarna Þorsteinssonar. Organisti er Jón Bjarnason.

Miðnæturmessa á jólanótt kl. 23.30. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, prédikar og þjónar fyrir altari. Félagar úr Skálholtskórnum syngja. Organisti er Jón Bjarnason.

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 14.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur annast prestsþjónustuna. Skálholtskórinn syngur. Organisti Jón Bjarnason. Sungnir verða hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Barnasamvera á laugardag milli jóla og nýárs 28. desember kl. 11.00. Bergþóra Ragnarsdóttir, djáknakandídat annast stundina. Organsti er Jón Bjarnason.

Aftansöngur á gamlársdag 31. desember kl. 17.00. Sr. Axel Árnason Njarðvík héraðsprestur annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Úthlíðarkirkja
Hátíðarguðsþjónusta á þriðja í jólum, 27. desember kl. 16.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari. Úthlíðarkórinn leiðir almennan söng. Organisti er Jón Bjarnason.

Haukadalskirkja
Hátíðarguðsþjónusta á sunnudag milli jóla og nýárs, 30. desember kl. 13.30. (Ath breyttan messutíma). Sr. Skírnir Garðarsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Úlfljótsvatnskirkja
Hátíðarguðsþjónusta á sunnudag milli jóla og nýárs, 30. desember kl. 16.00. (Ath breyttan messutíma). Sr. Skírnir Garðarsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Torfastaðakirkja
Hátíðarguðsþjónusta á nýársdag kl. 14.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Bræðratungukirkja
Hátíðarguðsþjónusta á annan í jólum 26. desember kl. 15.00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Tekist á um staðsetningu Héraðsskjalasafnsins

Húsnæðisvandi Héraðsskjalasafns Árnesinga er orðinn verulega aðkallandi og stendur safninu fyrir þrifum. Ítrekað hefur verið bent á að núverandi húsakostur sé of lítill. Tvö sveitarfélög buðu fram aðkomu að húsnæðismálum safnsins. „Sveitarfélögin Ölfus og Árborg. Sveitarfélagið Ölfus bauð fram gjaldfrjálsa lóð í miðbænum auk þess sem það, ásamt einkaaðilum, bauðst til að byggja sérhannað húsnæði og leigja Héraðsskjalasafninu og þannig kæmi því ekki til stofnútgjalda hjá eigendum þess. Sveitarfélagið Árborg bauðst til að afhenda Héraðsnefnd Árnesinga, endurgjaldslaust, lóð við Austurveg á Selfossi undir byggingu sem hýsa mun starfsemi héraðsskjalasafns. Þá kvaðst Sveitarfélagið Árborg sjálft einnig tilbúið til þess að byggja hentugt húsnæði sem sniðið yrði að starfsemi Héraðsskjalasafns Árnesinga gegn leigusamningi. Eftir atkvæðagreiðslu í Héraðsnefnd Árnesinga var ákveðið að þiggja boð Sveitarfélagsins Árborgar," segir í fundargerð bæjarstjórnar Ölfuss.

Kallað eftir því að framkvæmdum verði hraðað

„Bæjarstjórn Ölfuss kallar því eftir því að framkvæmdum við húsnæðismál verði hraðað í anda þeirra orða sem fallið hafa um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins og tilboð sveitarfélaganna. Verði töf á möguleikum Árborgar til þeirrar aðkomu sem lýst var telur Sveitarfélagið Ölfus eðlilegt og sanngjarnt að farin verði sú leið að byggja safnið í Ölfusi gegn þeirri aðkomu sem lýst hefur verið. Framkvæmdir þar að lútandi ættu að geta hafist í mars og starfsemi þar hafist í ágúst á næsta ári."

82% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingar í s. 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.

*Samkvæmt skoðanakönnun Gallups á tímabilinu okt. - des. 2018.

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Allar atvinnuauglýsingarnar sem birtast í Dagskránni fara einnig inn á DFS.is

www.dfs.is/atvinna

Deiliskipulagsbreyting fyrir Þorlákshöfn

Egilsbraut 9 og Í8

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 28. 11. 2019 að auglýsa deiliskipulagstillögu skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftir umræður og afgreiðslu 1. fundar Skipulags-, bygginga- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Um er að ræða stækkun á núverandi deiliskipulagssvæði. Svæðið eru rúmir 4,8 ha að stærð. Markmið deiliskipulagsins er að fjölga íbúðum fyrir eldri borgara og móta ramma utan um stækkun dvalarheimilisins. Byggð er á Í8 reit skv. aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022.

Um er að ræða 10 nýjar lóðir fyrir rað- og parhús, samtals 20-24 íbúðir ásamt iðnbyggingu við dvalarheimilið, 2 lóðir við Sunnubraut og 8 lóðir við Vetrarbraut, sem er nýr botnlangi. Á lóð dvalarheimilisins er byggingarreitnum breytt frá gildandi deiliskipulagi og hámarkshæð húss breytt. Ásýnd, útlit og einkenni fylgja þeirri byggð sem fyrir er. Allar byggingar verða á einni hæð.

Með auglýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum nýs deiliskipulags. Uppdráttur er til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss, Þorlákshöfn, sem og á heimasíðu sveitarfélagsins www.olfus.is. Athugasemdafrestur er frá 20. desember 2019 til 3. febrúar 2020. Ábendingum má skila skriflega á bæjarskrifstofur Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á skipulag@olfus.is, merkt „Egilsbraut".

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Jólagjafirnar fást hjá okkur!

Leikföng sem endast og endast!

bruder toys · jouets · spielwaren

Vöfflukaffi! á föstudögum fram að jólum

Allir velkomnir!

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2529 Miðvikudagur 18. desember 2019

Elísabet heillaði alla með fallegum söng

Föstudaginn 6. desember fjölmenntu á fimmta hundrað ungmenni frá tólf félagsmiðstöðvum af Suðurlandi á Hótel Selfoss. Þangað komu þau til að hlýða á jafnaldra sína syngja í undankeppni fyrir söngkeppni Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi, sem fer fram í mars á næsta ári. Þessi viðburður er í daglegu tali kallaður USSS. Félagsmiðstöðin Zelsíuz hafði veg og vanda að skipulagningu keppninnar í ár en á hana mættu unglingar frá Þorlákshöfn í vestri alla leiðina á Höfn í Hornafirði í austri að meðtöldum unglingum frá Vestmannaeyjum. Ellefu atriði stigu á stokk og voru þau hvert öðru glæsilegra. Kepptust þau um hylli dómaranna en í dómnefnd í ár voru söngvararnir Camilla Rut, Hanna Guðný og Þórir Geir. Slík voru gæðin að dómararnir þurftu auka tíma til að kveða upp sinn úrskurð. Svo fór að þrjú atriði voru valin sem fara áfram á söngkeppni Samfés sem haldin verður í Laugardalshöll á næsta ári. Þetta voru atriði frá félagsmiðstöðinni Svítunni í Þorlákshöfn, Tvistinum á Hvolsvelli og loks frá Zelsíuz í Árborg. Fyrir hönd heimamanna söng Elísabet Björgvinsdóttir úr Vallaskóla en hún tók lagið „Who are you“ eftir Jessie J og heillaði alla með fallegum söng. Unglingarnir frá Selfossi studdu vel við bakið á Betu og má þar nefna að vinir hennar útbjuggu veggspjöld með hvatningarorðum henni til heiðurs. Til hamingju Beta og til hamingju Zelsíuz.

Að söngkeppninni lokinni var talið í fjörugan dansleik þar sem unglingarnir dönsuðu við fastan takt matreiddan af plötusnúðnum Orra Einars en þegar hann lauk sinni matseld tróð rapparinn Flóni upp við mikinn fögnuð unglinganna. Þeir skemmtu sér vel og voru sínum félagsmiðstöðvum til sóma.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51- Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslum við litla manninn

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

hádegistilboð
2ja rétta 3.490
12:00-16:00
Hafið Bláa
restaurant with a view
The Blue Sea
hafidblaa.is • 483-1000
hafidblaa@hafidblaa.is
opið 12:00-21:00 alla daga

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar
Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 -17

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn – Sími 483 1955 – www.sbskilti.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílruðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Jiiibbiii
Siggaferdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

DFS.is
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is